


VIDAS


bioMérieux
Leiðandi merki í
överugreiningum



RELIABLE AND ECONOMICAL.

- ELFA technology (Enzyme Linked Fluorescent Assay).
- No contamination.
- Recalibration only once every 14 days (1 calibrator).
- Optimization of cost per patient for batch or single sample testing.



SIMPLE AND RAPID.

- Only one operation required to start a run.
- Minimal maintenance.
- Ready-to-use, single-dose reagents (reagent strip and SPR).
- Results in 30 to 40 minutes.


MULTIPARAMETRIC AND COMPACT.

- Two sections, each holding 6 tests: same-day results without any constraints.
- Constantly increasing menu of assays.
- Integrated computer, screen, keyboard and printer.



GRÓCO hf.

Suðurlandsbraut 6 • Sími: 568 8533



Blað meinatækna
1.tbl. 25. árgangur A
Mai 1998

Útgefandi:
Meinatæknafélag Íslands

Aðsetur og afgreiðsla:
Lágmúla 7
108 Reykjavík

Sími: 588 9770
Bréfsími: 588 9239
Tölvupóstur: mti@islandia.is

Ritnefnd:
Steinunn Oddsdóttir
ritstjóri og ábyrgðarmaður

Emilía G. Söebech
Gunnlaug Hjaltadóttir
Hulda Snorradóttir
Kristín Guðmundsdóttir

Auglýsingar:
Hænir sf.
Ármúla 36
108 Reykjavík
Sími: 533 1850
Tölvupóstur: 533 1855

Setning, umbrot og prentun:
Prentsmiðjan Grafík hf.
Smiðjuvegi 3
200 Kópavogur

Upplag:
550 eintök

Forsíðumynd: Ættartré

Efnisyfirlit

Fræðigreinar

| | |
|-----------------------------------|----|
| Erfðafræði Þorlákur Jónsson | 6 |
| Q10 Sigrún Rafnsdóttir | 13 |

Menntamál

| | |
|---|----|
| M.Sc. nám við læknadeild HÍ Kristín Jónsd. | 26 |
| Fræðslunefnd Kristín Jónsdóttir | 28 |
| Endurmenntunarnefnd Brynja Guðmundsd. | 31 |

Frá rannsóknastofum

| | |
|-----------------------------|----|
| Íslensk erfðagreining | 11 |
|-----------------------------|----|

Blöðfræðideild Landspítalans

| | |
|---|----|
| Eygló Bjarnard | 25 |
| Rannsóknadeild FSA Valgerður Franklín | 30 |
| Rannsóknadeild SR/Fossvogi | 32 |

Heimsókn á rannsóknastofu í Flórida

| | |
|------------------------------|----|
| Kristín Guðmundsdóttir | 34 |
|------------------------------|----|

Ráðstefnur og fundir

| | |
|--|----|
| Norðurlandamót meinatækna Helga Alfreðsd. | 38 |
| Skýrsla stjórnar. Aðalfundur 18. apríl 1998 | |
| Ásta Björg Björnsdóttir | 39 |

Ýmislegt

| | |
|---|-------|
| Formálsorð Steinunn Oddsdóttir | 4 |
| Skrifstofa MTÍ | 4 |
| Hugleiðing formanns Ásta Björg Björnsdóttir | 5 |
| Latex ofnæmi Hulda Snorradóttir, Kristín Guðmundsdóttir | 23 |
| Atvinnuauglýsingar | 35,48 |
| Pankar Guðbjörg Sveinsdóttir | 36 |
| Nýútskrifaðir meinataeknar | 43 |
| Um smitgát við sýnatókur og meðferð sýna Sýkingavarnanefnd Landspítalans | 44 |
| Aðskildir fætur | 46 |
| Stjórn og nefndir apríl 1998- apríl 1999 | 47 |
| Útskrift eldri árganga meinatækna | 50 |

Formálsorð

Þema alþjóðadags meinatækna 15. apríl sl. var Biomedical Laboratory Sience - the Key to Transfusion Safety. Í þessu blaði gerum við þessu þema ekki skil en á hausti komanda gefum við út annað blað og þá skulum við sjá hvað setur.

Við birtum hér í heild sinni athyglisverða B.Sc. ritgerð Sigrúnar Rafnsdóttur um Q10. Jafnframt því að þróa aðferð til mælinga á Q10 fólst verkefnið í að bera saman Q10 magn í vefjagiftarsjúklingum og heilbrigðum samanburðarhóp. Þó að ekki hafi fengist sú niðurstaða sem vonast var eftir er það þó niðurstaða. Því eins og við meinatæknar vitum er neikvæð niðurstaða jafngild þeiri jákvæðu.

Þorlákur Jónsson, lífefnafræðingur, skrifar fræðandi grein um erfðafræði og erfðafræðirannsóknir. Hann starfar hjá Íslenskri erfðagreiningu og við fengum einnig pistil frá meinatæknum sem starfa þar. Guðbjörg Sveinsdóttir fjallar m.a. um hlut Íslenskrar erfðagreiningar í uppþotu á vinnumarkaði meinatækna. Þankar Guðbjargar vonast ég til að geti verið í hverju blaði því að þeir vekja okkur til umhugsunar. Vonandi tekst Tækni-skóla Íslands að fylla meinatæknibraut sína á næsta hausti því að mikill skortur er á meinatæknum.

Þrjár rannsóknastofur senda frá sér pistla. Nokkrir meinatæknar skoðuðu rannsóknastofur erlendis og skrifar Kristín Guðmundsdóttir ýtarlega grein um heimsókn sína á rannsóknastofu í Flórida.

Um síðustu áramót breyttust reglur á Landspítalanum um smitgát við sýnatökur og meðferð sýna. Hér í þessu blaði birtum við boðskap Sýkingavarnarnefndar Landspítalans. Ég vil biðja meinatækna að kynna sér vel efni þessarar greinar og þá um leið grein Huldu Snorradóttur og Kristínar Guðmundsdóttur um Latex ofnæmi.

Kristín Jónsdóttir hefur nú hafið M.Sc. nám fyrir meinatækna við læknadeild Háskóla Íslands og greinir frá náminu í stuttu máli. Tvær nefndir gera grein fyrir störfum sínum, endurmenntunarnefnd og fræðslunefnd, og er greinilegt að þær hafa unnið vel að vanda.

Halla Hauksdóttir hefur látið af störfum sem skrifstofustjóri félagsins og þökkum við henni fyrir góða samvinnu. Margrét Eggertsdóttir hefur verið ráðin í hennar stað og bjóðum við hana velkomna til starfa.

Með von um bjarta framtíð meinatækna.
Steinunn Oddsdóttir

Skrifstofa MTÍ

Skrifstofan er opin mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 13-16.

Ásta Björg Björnsdóttir, formaður MTÍ, hefur viðtalstíma á mánudögum frá kl. 10-12.

Skrifstofan er til húsa að Lágmúla 7, II. hæð.

Sími 588 9770, símsvari milli opnunartíma. Bréfsími 588 9239.

Tölvupóstur mti@islandia.is

Margrét Eggertsdóttir, skrifstofustjóri

Hugleiðingar formanns

Frá því að undirrituð tók við formennsku í félagi meinatækna höfum við verið í samningum. Reyndar hófst það ferli miklu fyrr eða á haustmánuðum 1996. Því má segja að í nær tvö ár höfum við verið í sammingáþrefi. Í því umhverfi sem samninganeftndir félagsins vinna, kemur æ oftar í ljós hversu líftíð er almennt vitað um störf meinatækna. Við erum huldustétt inni á stofnunum. Smá skrölt í blóðtökukörfum minnir eilftíð á tilvist okkar. Á sumum stofnunum fara meinatæknar helst ekki út af sinni rannsóknadeild nema rétt til að sækja blóðdropann sinn. Við verðum að halda merki okkar á lofti. Það er illmögulegt að semja um viðunandi kjör ef hinn aðilinn hefur enga hugmynd um hver við erum eða hvað við gerum. Látum ljós okkar skína. Verum með í umræðum um heilbrigðismál. Tökum þátt í umræðum um mál-efni okkar stofnana, við vinnum þar. Okkar sjónarmið skipta heilbrigðiskerfið miklu máli. Við erum sérfræðingar á okkar sviði og eigung að halda því á lofti. Heilbrigðisráðherra hefur verið bent á að meinatæknar vilji taka þátt í stefnumótandi vinnu í heilbrigðiskerfinu.

Stjórnin hefur unnið að því með margra hjálp að gera okkur sýnilegri bæði í fjölmöldum og inni á stofnunum sjálfum en betur má ef duga skal. Það ert fyrst og fremst þú, félagsmaður, sem ert félagið. Þú ert andlit þess út á við. Þú ert besta auglýsing sem við eigung. Ég bið þig notaðu tækifæríð vel í þágu félagsins því ef við stöndum sterk saman, vinnum við okkur gott brautargengi.

Ásta Björg Björnsdóttir

Frá sjúklingi til rannsóknastofu

Gæði blóðsýnisins eru tryggð í B+D Vacutainer.

Vacutainer blóðtökukerfið er þægilegt í notkun.

B+D með öryggið að leiðarljósi frá upphafi.

**BECTON
DICKINSON** VACUTAINER® SYSTEMS

Leiðandi í þróun blóðtökutækni

Íslensk Ameríkska
Sími 587 2700

Erfðagreining

Inngangur

Gífurlegar framfarir hafa orðið á síðustu árum á sviði erfðarannsókna. Þessar framfarir hafa fengið mikla umfjöllun í fjöldum, ekki síst hvað varðar einræktun (klónun) dýra. Talsvert hefur verið rætt um siðferði í vísindum í þessu sambandi, enda óar marga við þeirri sýn að ef til vill verði unnt að einræktu menn í náinni framtíð. En örar framfarir hafa orðið á öllum sviðum erfðarannsókna þar með talið þeirri grein sem hefur það að markmiði að finna erfðavísu (gen) sem valda sjúkdómum. Í slíkum rannsóknum eru upplýsingar um erfðamynstur viðkomandi sjúkdóms nýttar til að leiða líkur að því hvar sjúkdómsgenið sé að finna. Lokatakmarkið er það að einangra eitt (eða fleiri) tiltekið gen sem er gallað í einstaklingum með viðkomandi sjúkdóm.

Ísland hefur áþreifanlega komist á kortið í rannsóknum sem þessum fyrir tilstilli Íslenskrar erfðagreiningar en það er fyrirtæki sem hefur það að markmiði að finna sjúkdómsvaldandi gen. Í þessari grein verður fjallað um þær einstöku aðstæður sem eru fyrir hendi á Íslandi til rannsókna á erfðum sjúkdóma, hvernig nýta megi þær aðstæður til einangrunar sjúkdómsvaldandi gena og hvert sé notagildi rannsóknumanna.

Orsakir sjúkdóma eru mjög margbreytilegar og koma þar við sögu ýmsir ytri þættir eins og bakteríu- og veirusýkingar, mataræði, lífsmynstur o.fl. Þó má telja afar líklegt að margir sjúkdómar eigi rætur sínar að rekja til erfðagalla í einu eða fleiri genum. Stundum er sjúkdómur þess eðlis að ef viðkomandi erfðagalli er til staðar í erfðamengi viðkomandi einstaklings þá koma sjúkdómseinkennin fram („sýnd“ sjúk-

dómsins er mikil). Ytri þættir geta einnig haft sitt að segja með því að hafa áhrif á sýnd sjúkdómsins. Dæmi um sterk áhrif lífsmynsturs er lungnaðemba. Tíðni þessa sjúkdóms meðal reykingamanna er mun hærri en almennt gerist en jafnframt er ljóst að sá sjúkdómur hefur sterkan erfðafræðilegan þátt.

Talið er líklegt að orsaka margra sjúkdóma sé að leita í flóknu samspili mismunandi erfðagalla og umhverfisþáttu. Dæmi um slíka sjúkdóma eru sykursýki, sjúkdómar í miðtaugakerfi eins og t.d. geðklofi og parkinsonsveiki og ýmsir æðasjúkdómar. Hins vegar liggja orsakir þessarar „flóknar“ sjúkdóma ekki fyrir og því er í raun ekki vitað hversu umfangsmikið samspil hinna ýmsu þáttu er í framvindu þeirra. Það má vera að í sumum tilvikum séu stökkbreytingar í einu geni nauðsynlegar fyrir framgang sjúkdómsins en nægi ekki einar sér því aðrir þættir er snúa að umhverfi, mataræði o.s.fl. Þurfi einnig að vera fyrir hendi. Í öðrum tilvikum má vera að um samspil tveggja eða fleiri erfðagalla sé að ræða eða þá að stökkbreytingar í fleiri en einu geni geti einar sér leitt til sömu sjúkdóms-einkenna. Slíkt gæti t.d. gerst þegar fleiri en eitt gen gegna veigamiklum hlutverkum í ýmsum ferlum í líkamanum og röskun á jafnvægi þeirra (sem gæti orðið vegna breytinga einhvers eða einhverra gena sem tengjast því ferli) leiðir til sjúkdóms. Það er ekki ólíklegt að a.m.k. hluti hinna „flóknar“ sjúkdóma séu af þessari gerð.

Forsendur

Leit að sjúkdómsvaldandi genum er líklegri til árangurs í einsleitum stofni manna því í slíkum hópum er líklegra að færri stökkbreytingar séu til staðar. Íslenska þjóðin er, eins og kunnugt er,


fremur einsleit sökum aldalangrar einungrunar sinnar frá umheiminum. Ekki síður mikilvægt fyrir erfðafræðilegar rannsóknir er að einn eða fáir einstaklingar hafi borið viðkomandi erfðagalla inn í samfélagið en á erfðafræðimáli eru slískir einstaklingar kallaðir stofnendur. Afleiðing þess að stofnandi hafi komið við sögu og að samfélagið hafi haldist einsleitt er kallað stofnanda áhrif („founder effect“). Gott dæmi um þetta fyrirbæri kom í ljós við rannsóknir á brjóstakrabbaameini sem stundaðar hafa verið um árabil hjá Krabbameinsfélagi Íslands. Tvö gen sem valda fjölskyldulægu brjóstakrabbaameini hafa verið einangruð og eru þau nefnd BRCA1 og BRCA2. Í hinu síðarnefnda hefur fundist fjöldi mismunandi stökkbreytinga í öðrum löndum en einungis ein gerð stökkbreytingar hefur fundist á Íslandi sem líklegt er að stafi af því að einn eða fáir einstaklingar hafi borið þessa stökkbreytingu til landsins. Líkleg skýring á þessari staðreynd er sú að allir Íslendingar með þessa gerð brjóstakrabbaameins séu afkomendur eins eða fárra landnámsmanna sem voru með viðkomandi erfðagalla.

Að þessum forsendum gefnum, hvað fleira þarf að vera til staðar til að unnt sé að stunda skipulagða leit að sjúkdómsvaldandi genum? Gott heilsugæslukerfi er nauðsynlegt til þess að hægt sé að nálgast áreiðanlegar upplýsingar um tíðni og eiginleika viðkomandi sjúkdóms. Einnig er nauðsynlegt að hægt sé að rekja ættir einstaklinga sem greinst hafa með sjúkdóminn þar sem leit að sjúkdómsgenum byggist á því að unnið sé með fjölskyldur þar sem tíðni viðkomandi sjúkdóms er hærri en í samfélagini almennt. Þessar forsendur eru fyrir hendi á Íslandi sem gerir landið að kjörnum vettvangi fyrir rannsóknir á arfgengum sjúkdómum. Heilsukerfi okkar Íslendinga er tvímaðalaust í fremsta flokki og ættir manna eru mjög vel skráðar, bæði af opinberum aðilum (fæðingarvottorð, kirkjubækur, manntöl o.fl.) og áhugasömum einkaaðilum sem skráð hafa ættir sínar og sinna starfsstéttu aftur í aldir.

Leitin að genum

Líkja má leit að sjúkdómsvaldandi genum í öllu genamenginu við leit að nál í heystakki. Erfðamengi mannsins samanstendur af $3 \cdot 10^9$ núkleótíðum og leitin fer fram í öllu erfðamenginu. Þetta verkefni er sambærilegt því að leita að prentvilli í bók sem er milljón blaðsíður að lengd. Ekki er fýsilegur kostur að lesa bókina spjaldanna á milli en hvað skal þá til bragðs taká? Lausnin felst í því að nýta sér þá viðleitni náttúrunnar að hrára eilítið upp í erfðaefninu í hverri kynfrumuskiptingu (meiðsu). Að minnsta kosti ein víxlun á sér stað milli samstæðra litninga í hverri meiðsu að meðaltali. Líkurnar á því að tveir punktar í erfðamenginu (á hverjum litningi) aðskiljist með þessum hætti eru háðar fjarlægðinni milli þeirra. Í leit að sjúkdómsvaldandi genum með s.k. staðsetningarklónun (positional cloning) er þessi eiginleiki nýttur á þann hátt að bornir eru saman eiginleikar erfðamerkjía einstaklinga í fjölskyldum þar sem tíðni viðkomandi sjúkdóms er hærri en í samfélagini almennt. Markmið þessa samanburðar er að finna stað (einn eða fleiri) í erfðamenginu þar sem sýktir einstaklingar eru að jafnaði með aðra arfgerð en heilbrigðir. Erfðamerkin eru staðir á litningum, oftast nær utan gena, sem hafa breytilega samsetningu (polymorphic). Algengast er að notast við örtungl (microsatellite) en það eru endurtekningar á tveggja til fjögurra basa grunneiningum. Dæmi eru (CA)n, (CAG)n og (GATA)n, þar sem n er tala á bilinu 10-50. Oftast nær eru 5-10 mismunandi afbrigði (mismunandi gildi á n) af hverju örtungli til staðar í samfélagini. Arfgerð hvers einstaklings með tillini til örtunglanna er ákvörðuð með því að magna upp svæðið sem örtunglin eru á með PCR (Polymerase Chain Reaction) aðferðinni og aðgreina myndefnini með rafdrætti. Með þessum hætti er það stærð myndefnanna, þ.e. lengd endurtekninganna, sem er mælikvarði arfgerðarinnar.

Hvert rannsóknarverkefni hefst á því að listi yfir sjúklinga og ættfræðigrunnur eru sam-




Mynd 1. Dæmi um ættartré sem fæst þegar dulkóðaður sjúklingalisti er borinn saman við dulkóðaðan ættfræðigrunn. Karlar eru auðkenndir með kassalaga táknum, konur með hringlaga táknum, og sjúklingatákn eru fyllt. Hver kynslóð er merkt með rómverskum tölustöfum. Í hverri rannsókn er fjöldi ætta af þessari gerð rannsakaður og skiptir heildarfjöldi sjúklinga sem rannsakaður er oft hundruðum.

keyrðir og ættir sjúklinga þannig raktar en innbyrðis skyldleiki er lagður til grundvallar þegar borin er saman arsgerð erfðamerkjanna í sýktum einstaklingum og ósýktum (sjá mynd 1). Arfgerð einstaklinga í rannsókninni er að því loknu ákvörðuð fyrir 300-1000 erfðamerki en tölfrædileg gagnaúrvinnsla leiðir af séi þann (eða þá) staði í erfðamenginu sem líklegast er að viðkomandi sjúkdómsgen sé að finna. Þessi aðferð við að nýta erfðamerki til að finna staðsetningu gena er kölluð tengslagreining (linkage analysis).

Ekki er þó leikurinn unninn þó að staðsetning gens hafi verið fundin því lokatakmarkið er að finna stökkbreytingu í einu tilteknu geni á hverju svæði sem hefur verið afmarkað með tengslagreiningu. Ekki verður farið í smáatrið-

um í þær aðferðir sem notast er við í þeim hluta ferilsins sem er lýst á mynd 2. Þó skal tekið fram að í raun er þessi hluti genaleitarinnar tímafrekari og erfiðari en leit að staðsetningu gena. Við úrvinnslu erfðamerkjauplýsinga á því svæði sem einblínt er á kemur mikilvægi þess að vinna með úrtakshóp þar sem stofnenda áhrif eru fyrir hendi enn betur í ljós. Frekari afmörkun þess svæðis þar sem sjúkdómsvaldandi genið er að finna byggist nefnilega á því að bera saman „óskylda“ einstaklinga, þ.e. einstaklinga sem ekki eru augljóslega skyldir í gegnum einn eða fáa ættliði. Hins vegar ef um stofnanda er að ræða fyrir viðkomandi sjúkdómsgen þá ætti að vera hegt að finna mjög afmarkað svæði þar sem arfgerð allra sýktra einstaklinga er sú sama, jafnvel þó að þeir séu ekki náskyldir. Mikilvægt



Mynd 2. Staðsetning gens hefur verið akvörðuð með tengslagreiningu á einum tilteknunum litningi. Oft felst næsta skref í því að finna samfelli klóna sem spanna það svæði. Þá eru fundin ný erfðamerki, eitt á hverjum klón (sem er oft 50 — 100.000 basar að sterð). Öskyldir (í raun fjarskyldir) einstaklinger eru borrir saman og þau erfðamerki þar sem arfgerð þessara einstaklinga er eins, afmarka svæði þar sem sjúkdómsvaldandi genið er að finna. Markmiðið er að þrengja svæðið sem um er að ræða niður í 100 — 300.000 basa með þessum hætti. Lokaskrefin felast í því að skilgreina öll gen á svæðinu, bæði með til þess gerðum forritum (sem leita að exónum) og með klónun úr cDNA söfnum og að síðustu er leit- að að stökkbreyingum í þeim genum sem skilgreind hafa verið.

er að finna mjög afmarkað bil því raðgreining DNA og genaleit í röðunum er tímafrekt ferli sem byggist, auk hefðbundinnar raðgreiningar, á forritum sem leita að exónum (útröðum gena) og bera saman DNA raðir (þekktar raðir og röðina á því svæði sem verið er að kanna) og cDNA klónun. Hins vegar ef vel tekst til, þarf sjálf leitin að stökkbreyingum einungis að ná til fárra gena.

Framtíðarsýn

Hver er svo ávinningur almennings af rannsóknum sem þessum? Hver eru næstu skref í þróun meðferðar og lyfja í ljósi þess að sjúkdómsvaldandi erfðagalli hafi verið fundinn? Við getum skipt hagnýtu gildi þessara rannóknna í fernt.

Í fyrsta lagi eru kannaðir eiginleikar viðkomandi genaafurðar sem í flestum tilvikum er

prótein. Leitað er upplýsinga um tjáningu próteinsins í ýmsum líffærum, kannað hvort virkni viðkomandi próteins sé af þeim toga að það tengist öðrum próteinum („molecular partner“) en það má gera með því að framleiða próteinið og ýmis prótein úr cDNA safni af tveimur mismunandi genaferjum í gersveppi („yeast two-hybrid system“) og einnig má kanna áhrif stökkbreytta próteinsins í skyldum lífverum, t.d. músum, en slíkar tilraunir veita oft mikilvægar upplýsingar um sjúkdómsferilinn.

Í öðru lagi má nýta upplýsingar um erfðagallann til að þróa tækni til sjúkdómsgreininga. Slík tekní er í mörgum tilvikum ekki síður mikilvæg en lyfjaþróun, sérstaklega ef til eru lyf sem beita má á virkan hátt við framgang sjúkdómsins, ef hann er greindur nógu snemma.

Í þriðja lagi er þróun lyfja, með það að markmiði að finna lyf sem læknað getur sjúkdóminn.

Lyfjaþróun er erfitt, tímafrekt og kostnaðarsamt ferli en er þeim mun auðveldari sem meira er vitað um gen sem valda sjúkdómnum og virkni þeirra. Mjög erfitt er að spá fyrir um hversu langan tíma mun taka að þróa lyf gegn tilteknunum sjúkdómi. Ef genið sem veldur sjúkdómnum er skyld þekktum genum má vera að virkt lyf hafi þegar verið þróað. Hins vegar má vera að um nýtt, áður óþekkt, gen sé að ræða og þá þarf að vinna lyfjaþróun frá grunni. Í slískum tilvikum eru grunnrannsóknir á virkni viðkomandi próteins sérlega mikilvægar fyrir lyfjaþróunarferlið.

Í fjórða lagi eru svo kallaðar genalækningar („gene therapy“) sem byggjast á því að koma heilbrigðum genum fyrir í líkamanum og bæta þannig upp þann galla sem viðkomandi einstaklingar hafa erft. Þróun þessarar lækningaraðferðar er enn tiltölulega skammt á veg komin en

á vafalítið eftir að skipa aukinn sess í læknismeðferð framtíðarinnar.

Læknavísindin eiga vafalítið eftir að taka stakkaskiptum á næstu árum og áratugum. Þannig er líklegt, eftir því sem orsakir fleiri sjúkdóma eru uppgötvaðar, að læknisþjónustan verði sniðin að einstaklingnum. Skimun fyrir erfðagöllum sem leiða til aukinnar hættu á að fá tiltekna sjúkdóma verður sjálfsagður hluti heilsugæslunnar og eftir því sem þróun lyfja fleygir fram verður hægt að stöðva framgang æ fleiri sjúkdóma strax við greiningu þeirra.



Þáttur forvarna í heilsugugæslu á því eftir að verða æ mikilvægari og sú fjárfesting sem nú er lögð í rannsóknir á frumorsökum sjúkdóma á eftir að skila margföldum arði í formi sparnaðar við meðferð og umönnun sjúklinga.

Porlákur Jónsson er doktor í lifefnafræði og starfar hjá Íslenskri erfðagreiningu.

BIOCARDTM Pregnancy

TRONIN TEST

One-Step Immunochromatographic Test for Rapid Detection of Cardiac Troponin I (c Tn I) in Serum samples.



positive test result



negative test result

Rannsóknavörur fyrir sjúkrahús,
rannsóknastofur og heilsugæslustöðvar.

Cetus • Skipholti 50c • Sími: 551 7733

Íslensk erfðagreining



Efri röð frá v.: Arna Alfreðsdóttir, Anna S. Einarsdóttir, Hildur A. Björnsdóttir, Katrín H. Guðjónsdóttir, Ebba Pálssdóttir, Steinunn Gunnarsdóttir, Steinþóra Þórisdóttir og Katrín Helgadóttir. Neðri röð frá v.: Hrefna S. Jóhannsdóttir, Droplaug N. Magnúsdóttir, Steinunn B. Sigurjónsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir og Ádalbjörg Jónasdóttir. Á myndina vantar Sóleyju Björnsdóttur en hún er í ársleyfi.

Íslensk erfðagreining er fyrirtæki sem hefur það að markmiði að leita erfðafræðilegra orsaka sjúkdóma svo þeim megi beita til þess að þróa lyf og lækningaaðferðir. Staðsetning fyrirtækisins á Íslandi byggist á þremur þáttum: eins-

Sérhæfð kerfi frá sérfræðingum fyrir heilbrigðisstofnanir



Tölvumiðun
Grensásvegi 8
108 Reykjavík
Sími: 568 8882
Fax: 553-9666
Heimasið: www.tm.is
Netfang: tm@tm.is

TÖLVUMIÐUN



leitni þjóðarinnar, öflugu heilbrigðiskerfi og viðtækum skráðum upplýsingum um ættartengsl langt aftur í aldir.

Hjá fyrirtækinu starfa nú yfir 100 manns, með mismunandi bakgrunn og menntun. Hér vinna nú 14 meinatæknar við rannsóknir, flestir í 100% starfi. Einnig vinna nokkrir meinatæknar í hlutastarfi við blóðtökur. Starfssviðið er mjög fjölbreytilegt en miðar allt að sama marki — að finna gen sem eru ábyrg fyrir sjúkdómum. Rannsóknastofan er mjög vel búin tækjum, hér eru m.a. sjáfvirk-

ar PCR-vélar (ABI-877 robots) og sjálfvirkir raðgreinar (ABI-377) sem léttu okkur störfin.

Vinna okkar felst einkum í:

- Einangrun á DNA úr blóði (Phenol-chloroform-extraction).
- Tengslagreiningu. Aðferðin byggist á PCR og genatýpun á miklum fjölda erfðalykla (allt að 1000) með þekktri staðsetningu á litningamenginu. Þetta er gert á sjúklingum, foreldrum þeirra og kontról-sýnum. Síðan tekur við tölfræðileg úrvinnsla og um hana sjá tölfræðingar. Þeir leita að tengslum milli sjúkdómsins og ákveðinna erfðalykla.
- Fínkembingu. Þegar tengsl hafa verið fundin þarf að finna sjálfst genið. Þá hefst svokölluð „fín-kembing“ eða „fine-mapping“ til að finna nákvæmari staðsetningu gensins. Þá eru notaðir lyklar sem liggja afar þétt á litningunum. Þegar svæðið er komið niður í svo sem 200-300 þúsund basa hefst genaleitin.

• Genaleit. Nú er um tvennt að ræða. Ef þekkt eru gen á svæðinu má strax fara að leita að stökkbreytingum í sjúklingum sem finnast ekki í kontról-hóp. Þetta er gert með ýmsum aðferðum, Southern blot, SSCP og raðgreiningu. Síðan er einnig nauðsynlegt að raðgreina allt svæðið og það er gert með klónun á minni DNA-bútum (plasmíðum) inn í bakteríur. Hér getur þurft að raðgreina allt að 10 þúsund búta sem síðan

er raðað upp í réttri röð í sérstöku tölvu-programmi.

- Tölvuvinnu. Stór hluti vinnunnar felst í tölvuvinnu, bæði þarf að stýra þeim tölvum sem stýra tækjunum og svo þarf að yfirfara niðurstöðurnar.

- Fyrirhugað er að setja hér upp aðstöðu fyrir tilraunir og rannsóknir á mósum og auk þess vefja- og frumurækt.

Sem kunnugt er af fréttum gerði fyrirtækið nýlega stóran samning við erlent lyfjafyrirtæki og í kjölfar þess er fyrirhuguð veruleg stækkan rannsóknastofunnar. Verið er að taka í notkun 2 hæðir til viðbótar á Lynghálsi 1 (þ.e. allt húsið) og þörf er á fleira starfsfólk. Áætlað er að fjlölgja starfsmönnum um allt að helming.

Meinatæknar hér vinna við hlið líffræðinga og lífefnafræðinga og finna sig ágætlega í þeim hópi. Ljóst er að erfðafræðin er sú grein innan vísindanna þar sem einna mestur vöxtur er og má einna helst líkja við sprengingu. Meinatæknar eru hér með hvattir til að láta ekki sitt eftir liggja og taka virkan þátt. Enn má líklega bæta menntun meinatækna í sameindalíffræði og erfðafræði!

**Með kveðju frá meinatæknum
hjá Íslenskri erfðagreiningu.**



Landsbanki Íslands
Í forystu til framtíðar



BÆJARHRAUN 22 • 220 HAFNARFJÖRDUR • SÍMI 565 1616 • FAX 565 1666

Mæling á Q10

Ágrip

Próð hefur verið áreiðanleg og tiltölulega auðveld aðferð til mælinga á heildar Q10 (ubiquinone 10) í plasma.

Proteinin voru feld úr plasma með buffraðri lausn af perklóратi og sýnið oxað með kalíum-hexacyanatferrati. Útdráttur (extraction) var gerður með ether og etherfasinn var inniguður við 50° C með loftblæstri. Leifin var leyst í 2-própanóli og hluta þar af sprautað inn á HPLC súlu.

Mælingaraðferðin byggir á sundurgreiningu efna á súlu HPLC - tækní (high pressure liquid chromatography), með C18 súlu og UV- ljós-mælingu við 275 nm bylgjulengd, en þar er hármarksgleypni ubiquinones. Q 9 var notað sem innstaðall.

Aðgreining á súlu er góð og greiningarmörk góð (0,05-0,1 µg/ml).

Endurheimtur í plasmasýnum voru 98% og lotumarkvísí innan samtímis mælinga (intra-assay precision) reyndist 6,28 cv%.

Aðferðin var notuð til að mæla Q10 styrk í plasma 50 heilbrigðra einstaklinga og reyndist meðalgildið vera 0,74 µg/ml og meðalstaðalfrávik var 0,28 µg/ml. Ekki fannst marktækur munur milli kynja.


Q10 styrkur í blóði og vöðvum heilbrigðra var borinn saman við styrk hjá 10 vöðvagítarsjúklingum, en ekki fannst marktækur munur ($P > 0,05$).

Blóðstyrkur á Q10 hjá hjartasjúklingum í aðgerð var mældur og reyndist ekki frábrugðin Q10 styrk í heilbrigðum einstaklingum.

Inngangur

Ubiquinone eða Q (Coenzyme Q) (2,3-dimethoxy-5-methyl-6-n-prenyl benzoquinone) er coenzym, sem er í hvatberum frumanna, þar sem það tekur þátt í að flytja rafeindir í himnu hvatberans, en einnig verkar það sem andoxunarefní í líkamanum.

Q10 er mevalonat-afleiða, efni samansett úr benzoquinone hring og tíu (-decaprenyl-) isoprenoid einingum, sem geta verið mismunandi margar og dregur efnið nafn sitt af fjölda isoprenoid eininganna t.d. Q9 (nona prenyl) Sjá mynd 1.



Mynd 1.

Efnafræðileg formúla af Q eða ubiquinone.

Fjöldi eininganna fer eftir því í hvaða lífverum ubiquinonið er, til dæmis er Q6 aðalefnið í gersveppum en Q9 í rottum. Hér verður fjallað um Q10 sem er aðal ubiquione efnið í mönnum.

Megin hlutverk Q10 í frumunni er rafeindatflutningur frá sítrónusýru- hringnum til öndunarkeðjunnar og innan hennar. Q10 tekur þannig þátt í myndun orkuríkra fosfata. Breytingar á

styrk Q10 í frumum og síðan plasma gætu hugsanlega speglað rafeindaflutning og orkubúskap frumunnar. Q10 hefur sjálft ekki enzym áhrif, en tekur þátt í ferlinu með þeim hætti að kalla má það coenzym.

Q10 er mjög fitusækið (lipophil) og leysisist vel í ýmsum leysiðnum (solvents). Það leysisist til dæmis vel í 1-própanóli og 2-própanóli, lítillega í ethanóli, en hins vegar er það svo gott sem óleysanlegt í methanóli og algjörlega óleysanlegt í vatni. Þetta veldur því að leysa verður það í fitu þegar það er útbúið til inntöku.

Í blóði flyst Q10 með lipópróteinum ásamt öðrum fituefnum svo sem þriglyceríðum og kólesteróli, sem einnig eru óleysanleg í vatni.

Q10 mun fyrst hafa verið einangrað sem efni á 6. áratugnum, en eðlis- og efnarfæði hvatberanna var þá mjög á döfinni. Það voru Japanir, sem fyrstir notuðu Q10 í læknisfræðilegum tilraunum og til lækninga upp úr 1974.¹

Sýnt hefur verið fram á lifefnafræðilega eiginleika Q10 tengda rafeindaflutningum, m.a. afoxar það stakeindir (free radicals).²

Rannsóknir hafa sýnt að með inntöku Q10 má bæta ástand hjartasjúklinga³ og súrefnisupptaka virðist aukin. Littaru et al. hafa sýnt fram á lækkun blóðþrýstings og lakats hjá íþróttafólki við inntöku á Q10.⁴ Einnig hefur Q10 verið talið draga úr tannholdsþolgum.⁵ Í Japan og á Ítalíu er Q10 nú skráð sem lyf við hjartabilun.

Q10 hefur verið mælt í plasma með "vökvaskiljun", HPLC og síðan ljósgleypnimælingu (UV) eða rafhleðslumælingu (voltammetry; el-

ektrochemical detection) með misflóknum út-dráttarferlum.^{6,7} Með rafhleðslumælingum er hægt að mæla bæði oxað (ubiquinone) og afoxad Q10 (ubiquinol) en oxunarjafnvægið er mjög viðkvæmt og hætta á að sýnið oxist í undirbúnings ferlinu jafnvel þótt varúðar sé gætt. Til að mæla heildar Q10 magn má afoxa það með afoxara eða oxa það með oxara (oxidant) t.d. ferrijónum og mæla síðan annað hvort með ljósgleypninema eða rafhleðslunema (voltammetry) eftir vökvaskiljun. Aðferðir, sem hafa verið þróðar fram til þessa til að mæla Q10 í plasma (Edlund, Laaksonen)^{6,7} reyndust okkur ekki vel og höfum við því þróað eigin HPLC aðferð með ljósgleypni mælingu. Við kusum að oxa sýnin fyrir heildarmælingu.

Hér á eftir er lýst helstu kostum og veikleikum aðferðarinnar ásamt staðtölulegum upplýsingum um markvísí, endurheimtur o.fl. Viðmiðunargildi í blóði heilbrigðs fólks eru kynnt og samanburður á styrk Q10 í blóði 10 vefjagigtarsjúklinga og 10 heilbrigðra sem voru hreyfingarlitir og á sama aldri og sjúklingarnir. Þá var Q10 styrkur í vöðvasýnum sjúklinga og viðmiðunarhóps borinn saman.

Efniviður og aðferðir

1. Tæki

HPLC (High pressure liquid chromatography) samstæða frá Waters: tvöföld pumpa Model 570, handvirkur innspítari (injector), 15 cm stálsúla reversed phase C18 5µm frá Supelco, Variable Wavelength Detector Model 450, In-

Námsráðgjafi skólans og
deildarstjórar einstakra deilda
veita nánari upplýsingar í síma
577 1400 eða skrifstofa skólans að
Höfðabakka 9.

TÆKNISKÓLI ÍSLANDS-

HÁSKÓLI ATVINNULÍFSINS



tækniSÍK islands

Höfðabakka 9, 112 Reykjavík,
sími 577 1400, fax 577 1401
<http://www.ti.is>

tegrator M730. Hitablokk með stillanlegum hita til inngufunar (evaporation), hristari, pípettur, glös, Ultra Turrax hrærari (homogenizer) frá Janke und Kunkel, 5mm shaft Biopsy-Cut einnota biopsy nálar til vöðvasýnatöku frá RADIPLAST AB Sweden.

2. Efni

Q10 (ubiquinone 10) Sigma (C9538), Q9 vöki í ampúlu Sigma (C9888), Perklórsýra Merck M519 70%, Natrúumhydroxíð Merck M6498, Kalíumhexacyanoferrat III Merck M4973, Dietylether Merck M921 pro analyse, 2-Própanól Rathburn HPLC grade, Methanol Rathburn HPLC grade, 1-Própanól Merck M997 pro analyse.

Stofnlausnir:

- Q 10 Stofnstaðall: 10 mg leyst í 100 ml 1-Própanól. Vinnustaðlar þynntir úr stofni.
- Q 9 Innstaðall: 2 mg leyst í 20 ml 1-Própanól.
- Oxandi buffer : Perklórsýra 0,33 mol/l og NaOH 0,33 mol/l blandað saman í hlutföll unum 9:6; pH 4,0. Þessi blanda er 1% af hreyfanlega fasanum.

Vinnulausnir:

- Hreyfanlegi fasinn: Methanol: 2-Própanól 60:40 + 1% af blöndu c. hér að ofan.
- Felliefni: Perklórsýra 2,3 mol/l og NaOH 2,3 mol/l blandað í hlutföllunum 100:60.
- Oxandi efni: K₃(Fe(CN)₆); 0,02 mol/l í vatnslausn.

3. Sýni

Fastandi bláæðablóð tekið í EDTA úr bláæð í olnbogabót einstaklinga í sitjandi stöðu.

Vöðvabíopsíur voru teknar úr vastus lateralis með Biopsy-Cut nálum undir ómstýringu.

Forvinna fyrir aðferð

Q10 og Q9 voru leyst í 1-própanóli. Til greina kom að nota TQ10 (diethoxyanalog óháður

oxun og afoxun), sem innstaðal í stað Q9, en fallið var frá því vegna þess hve útskilnaðartími (retentionstími) þess var langur.

Ákveðið var að nota methanol /própanól sem hreyfanlega fasann (solvent).

Prófaðar voru 4 þynningar: 20% - 25% - 33% - 40% própanól í methanol. 40 % própanól í methanol reyndist heppilegust, gaf stystan útskilnaðartíma (retentionstíma) og góðan aðskilnað. Flæðið var 1,5 ml/ mín og olli ekki yfirþrystingi á súlu.

Bylgjulengd var valin 275 nm, en það er hámarksgleypnitíðni ubiquinons. Pappírshraðinn á Integrornum, sem skráði toppana var valinn 0,5 cm/mín.

Eftir að hafa skoðað og reynt ýmsar aðferðir til að draga út og hreinsa Q10 úr plasma, prófuðum við að nota diethylether og gaf það strax góðan árangur.

Þar eð við kusum að nota UV ljósmælingu var ljóst að oxa þyrfti Q10 og mæla síðan oxaða formið, en það (ubiquinone) hefur mun meiri gleypni en afoxaða formið (ubiquinol). Prófað var að oxa með H₂O₂ og afoxa með borohydri, en afoxuðu efnin gáfu mjög lága toppa. Ákveðið var að bæta 1% af perklórsýrubuffer út í hreyfanlega fasann. Perklórsýrubufferinn var útbúinn þannig að teknir voru 100 ml af 0,33 mol/l perklórsýru og hún titraruð með 0,33 mol/l NaOH þar til heppilegasta sýrustigi pH 4,0 var náð. Þrátt fyrir þetta virtist oxunin ekki vera nógu sterk og var þá lausn af 2,3 mol/l perklórsýru og 2,3 mol/l NaOH í hlutfallinu 100/60 bætt í sýnið áður en það var hrist með ethernum. Hæfilegur styrkur af perklórsýrubuffer var fundinn með því að prófa nokkrar þynningar frá 0,025 mol/l og reyndist oxunin fara stighthækandi og var ákveðið að nota 2,3 mol/l perklórsýrbuffer. Komu nú fram góðir toppar.


Í Q10 mælingum á vöðvasýnum var að nokkru fylgt aðferð Edlunds⁷. Þó var ákveðið að nota vöðvabíopsíuna eins og hún kom fyrir og þerra hana ekki á þerripapír. Við notuðum

meira própanól og bættum innstaðli í sem svaraði 2,5 µg/ml. Fyrst var reynt að oxa sýnið með K3(Fe (CN)6) en það var ekki hagstætt vegna þess hvað það myndaði mikið útslag í byrjun chromatogramsins.

Þá var brugðið á það ráð að nota perklórsýrbufferinn, sem reynst hafði vel sem oxunarefní í plasmamælingunum og var bætt 0,1 ml af honum út í eftir að búið var að blanda (homogenisera) vöðvasýnið. Þá var sýnið skilið og mælt eins lýst er aðferðarlýsingu. Endurtekin blöndun og útdráttur á sýnumnum sýndi óbreytt hlutfall Q10/Q9, sem þýðir að allt nær Q10 hafði dregist úr vöðvasýnumnum við fyrsta útdrátt.

Mæliaðferð fyrir plasma

Aðferðin var framkvæmd með eftirfarandi hætti: 0,8 ml plasma pípetterað í glas 0,02 ml



Mynd 2.
Staðalkúrfa fyrir Q10 sýnir línulega aukningu styrks frá 0 - 1,5 µg/ml, en mælisviðið (range) var frá 0,3 - 1,5 µg/ml hjá þeim einstaklingum, sem mældir voru.

Q9 innstaðli bætt í, hrist. 0,2 ml buffraðri perklórsýra 2,3 mol/l bætt í, hrist og beðið í 10 mín. 0,1 ml K3(Fe (CN)6) lausn bætt í, hrist. 2,5 ml ether bætt í, hrist í 1 mín á hristara, skilið í 5 mín við 3000 snúninga/ mín. Ether-fasinn var tekinn ofan af og settur í uppgufunarglas. Ether útdrátturinn endurtekin.

Ether-fasinn var innguðar í þar til gerðri hitablokk við 50°C. Loftblástur var notaður til að flýta fyrir uppgufun. Leifin var síðan leyst í

0,2 ml af 2-própanóli og 20 µl sprautað inn á súluna í greiningatækinu (HPLC).

Staðlar voru útbúinir úr stofnlausn þannig að þeir samsvöruðu 1,0 og 0,5 µg/ml.

Mæliaðferð fyrir vöðvasýni

Glös með tappa voru vegin. Vöðvabíopsíur settar í glösin, sem stóðu í kolsýrusmjó.

Glösin vegin aftur og þyngd sýna skráð. Glös-in voru síðan geymd við - 60°C. Sýnin voru mæld innan viku. 0,5-1,0 ml * af 1-Própanól lausn með 2,5 µg/ml Q9 sett út á bíopsíuna blandað (homogeniserað) með Ultra Turrax 3x 20 sek. 0,1 ml af buffruðu perklóráti 2,3 mol/l bætt í, malað aftur í 20 sek. Skilið í 5 mín við 3000 sn/ mín. 0,4 ml teknir ofan af og skilið við 12000 sn/mín í 1 mín. 50 µl af floti er sprautað á súlu í vökvagreini og mælt 0,2 ml 1-propanol sett í upprunalega glasið og botnfallið malað í 20-30 sek. síðan skilið á sama hátt og áður til að ganga úr skugga um að allt Q10 hafi dregist út í fyrstu aðgerð.

*Magnið fer eftir stærð sýnis.

Aðrar mæliaðferðir

Kólesterol, HDL-kólesteról og þriglyceríðar var mælt á Cobas Fara tæki með enzymaðferð. Laktat og CK var mælt á Kodak Ektachem 250 og hemoglobin á Coulter STKS.

LDL-kólesteról var reiknað með Friedewalds jöfnu út frá heildarkólesteróli, HDL-kólesteróli og þriglyceríðum.

LDL-kólesteról = heildarserumkólesteról - HDL kólesteról - þrígl/2,18

Staðtölulegir útreikningar

Student's T-próf (two-sample t-test assuming equal variances) og/eða merkt raðgildapróf Wilcoxon's (sighed rank test) voru notuð til að bera saman meðalgildi. Spearman's fylgnipróf var notað við samanburð á fylgni talnapara og aðhvarfslína reiknuð með aðferð smæstra kvaðrata.

Tafla I.

Könnun á geymsluþoli sýna. A: Sýni leyst upp strax að lokinni inngufun. B: Sýni geymd í 5 daga óuppleyst við stofuhita að lokinni inngufun. C: Sýni geymd í 9 daga óuppleyst í frysti að lokinni inngufun.

| mæld | strax e.uppl. | e.1dag e. | 5 daga | µg/ml | meðaltal |
|------|---------------|-----------|--------|-------|----------|
| A | 0,63 | 0,70 | 0,66 | " | " |
| B | 0,61 | 0,67 | 0,67 | " | " |
| C | 0,57 | | 0,70 | | " |

Niðurstöður**Próun aðferðar fyrir plasma, geymsla sýna og markvísí**

Reynt var að geyma normalgildasýnin í -20°C og -70°C og mæla þau aftur seinni, en það reyndist erfitt þar eð topparnir urðu óskýrir og efnid virtist líkt og niðurbrotið.

Við prófuðum geymslu og markvísí á 30 forunnum sýnum úr samanhelltu (pooled) plasma. A: 10 sýni voru leyst upp strax að lokinni inngufun og mæld strax. Næsta dag voru þau mæld aftur eftir að hafa staðið yfir nótta í stofuhita í lokuðu glasi og síðan aftur eftir 5 daga. B: 10 sýni voru geymd óuppleyst eftir inngufun í stofuhita í dökkum glösum í 5 daga, þá voru þau leyst upp og mæld og síðan mæld aftur næsta dag og síðan aftur eftir 5 daga frá upplausn. Þriðji sýna-hópurinn C var geymdur óuppleystur eftir inngufun í frysti. Eftir 9 daga var hann leystur upp og mældur strax og síðan voru sýnin gleymd í 5 daga við stofuhita í dökkuum glösum og mæld aftur.

Eins og sést á töflunni hækkaði Q10 styrkurinn í sýnum um við geymslu eftir upplausn svo að ætla mátti að ekki hefði allt Q10 oxast strax. Prófað var hve langan tíma það tók sýnið að fulloðast og reyndist það vera um það bil 1 klst. en okkur þótti það vera of langur tími.

Til að flýta fyrir oxun var bætt 0,1 ml af 0,02 mol/l af K3(Fe CN)6) III út í fyrir útdrátt með ether, en eftir að perklórsýrubuffernum hafði verið bætt í.

Þetta gaf að því er virtist fullkomna oxun og

sýni breyttust ekki eftir upplausn, eins og sjá má í töflu I.

Til að kanna markvísí mælinganna frekar var sama sýni mælt sex sinnum án nokkurrar geymslu sjá töflu II.

Endurheimtur

Gerð voru nokkur endurheimtupróf. Safnað var saman plasma úr nýju blóði og út í það var bætt sem svarar til 1,5; 1,0; 0,75; 0,5; 0,375 og 0,25 µg/ml af Q10. Síðan voru þessi sýni mæld og einnig plasma úr sama safni, sem ekki hafi verið bætt með Q10, sjá mynd 3.

Q10 gildi 0-plasmans var síðan dregið frá gildum hinna sýnanna og reiknaðar út endurheimtur á Q10.

Heimtur voru 95 % +/- 10 % að meðaltali.

Normal gildi

Tekið var blóð úr 35 konum á aldrinum 22 til 69 ára og 18 körlum á aldrinum 23 til 66 ára og

Tafla II: 6 sýni úr samanhelltu plasma (pool) sýna cv% er 6,69% sem er ásættanleg markvísí.

| sýni | gildi | |
|------|-------------|----------------------------|
| 1 | 0,404 µg/ml | |
| 2 | 0,424 " | fjöldi = 6 |
| 3 | 0,360 " | meðaltal = 0,41 µg/ml |
| 4 | 0,400 " | staðalfrávik = 0,027 µg/ml |
| 5 | 0,400 " | cv % = 6,69 |
| 6 | 0,440 " | |

Við þjónum rannsóknarstofum í stóru og smáu



T H O R A R E N S E N L Y F

– einn traustasti bakhjarl íslenskrar heilbrigðisþjónustu

Q10 þéttni mæld. Konurnar mældust vera með að meðaltali 0,75 µg/ml Q10 í plasma og staðalfrávik 0,29 µg/ml, en karlarnir með 0,73 µg/ml og staðalfrávik 0,28 µg/ml.

Styrkur kólesteróls var einnig mældur í þessum einstaklingum og reiknað út hlutfall Q10 og kólesteróls. EKKI reyndist munur á kynjum hvað þetta varðar, en Q10 gildi í plasma hækka með aldri, sjá mynd 4.

Q10 og kólesteról í plasma sýndu mikla fylgni, $r = 0,53$ $P < 0,004$.

Nokkru meiri fylgni var þó á milli Q10 og LDL (low density lipoprotein), sjá mynd 5.


Q10 var mælt í plasmasýnum úr 7 hjartaskurðaðgerðum, 10 sýni úr hverri skurðaðgerð öll í tvöföldu og var skekkjurprósenta þar án formarkja 1,05%. Meðaltal Q10 úr hjartaaðgerðunum var 0,54 µg/ml, staðalfrávik = 0,144, mælisvið (range) var frá 0,30 - 0,83 µg/ml.

Q10 og fleiri þættir voru mæld í 10 vöðvagítarsjúklingum og völdum 10 einstaklingum á svipuðum aldri til samanburðar. Sjá töflu III.

Umræða


Endurheimtur benda til að aðferðin hafi góða nákvæmni (accuracy) þ.e. mæli Q10 og ekki eitthvað annað (önnur) efni og markvísí er vel viðunandi. Má því segja að aðferðin henti vel til að fylgjast með eða finna styrkbreytingar á Q10 í plasma, sem kynnu að verða við mismunandi ástand hjá sjúkum eða heilbrigðum einstaklingum.

Ljóst er að normal gildi þau sem við fengum (gildi fyrir konur 0,75 µg/ml og fyrir karla 0,73 µg/ml) ber vel saman við normalgildi sem aðrir hafa fengið samanber Laaksonen o.fl.⁸ sem fengu meðaltal 1,36 µg/ml, en mjög mikil breidd var í niðurstöðum þeirra (0,57- 3,03 µg/ml), Okamoto o.fl.⁶ fengu meðaltalsgildi fyrir karla 1,12 µg/ml en fyrir konur 0,57 µg/ml. Niðurstöður Pers Edlunds⁷ voru að meðaltali 0,84 µg/ml. Þess má geta að allir einstaklingar, sem gáfu blóð í normalgildi í þessari rann-




Mynd 3.

Á Y-ásnum eru mældur styrkur í plasmanu, en á X-ás gildi þess magns af Q10, sem bætt var í plasmað. Þegar búið var að draga Q10 gildið óstyrktu plasma (0,66 µg/ml) frá sást að heimtur voru góðar.




Mynd 4.

Normalgildahópnum var skipt í 3 hópa eftir aldri. 1=56-70 ára, 2=40-55 ára, 3=23-39 ára. Samanburður milli hóps 1 og 2 sýndi $p < 0,2$; en milli 2 og 3 var $p < 0,09$. Milli hóps 1 og 3 reyndist $p < 0,07$ (t-test).



Mynd 5.

Fylgni milli LDL styrks og Q10 styrks í blóði og að-hvarfslína (regression line) er teiknuð og formúla sýnd. Fylgnistuðull ($r = 0,7$) reyndist hærri en fyrir Q10/kólesteról.



Mynd 6:

Correlation plasma/vöðvi: Reiknuð var út fylgni milli Q10 í plasma / Q10 í vöðva. EKKI var nein marktæk jákvæð fylgni milli Q10 í plasma og Q10 í vöðva og má jafnvel sjá hneigð til neikvæðar fylgni.

Tafla III: Niðurstöður mælinga hjá vefjagigtarsjúklingunum (númer 01-10) og viðmiðunarhópnum (númer 11-20). Báðir hóparnir voru fastandi.

| númeraröð viðfanga | Hgb g/l | laktat mmol/l | CK U/l | Q10 µg/ml-plasma | hlutfall Q10/kol | kolesterol mmol/l | HDL mmol/l | þríglyc. mmol/l | Q10 í vöðva µg/mg |
|-------------------------------|---------|---------------|--------|------------------|------------------|-------------------|------------|-----------------|-------------------|
| 01 | 132 | 1,4 | 25 | 0,71 | 0,118 | 6 | 1,56 | 3,15 | 0,0139 |
| 02 | 132 | 0,9 | 47 | 0,77 | 0,122 | 6,3 | 1,23 | 1,66 | 0,0161 |
| 03 | 181 | 1,3 | 56 | 0,95 | 0,146 | 6,5 | 0,64 | 2,46 | 0,026 |
| 04 | 139 | 1,4 | 125 | 0,43 | 0,093 | 4,6 | 0,58 | 2,01 | 0,021 |
| 05 | 142 | 1 | 64 | 1,29 | 0,126 | 10,2 | 2,12 | 1,16 | 0,0274 |
| 06 | 148 | 1,8 | 70 | 0,87 | 0,134 | 6,5 | 1,21 | 1,45 | 0,0251 |
| 07 | 131 | 1,2 | 33 | 0,56 | 0,100 | 5,6 | 1,49 | 1,87 | 0,0291 |
| 08 | 149 | 1,3 | 50 | 0,43 | 0,078 | 5,5 | 1,14 | 0,87 | 0,0166 |
| 09 | 133 | 0,9 | 20 | 0,69 | 0,084 | 8,2 | 1,84 | 1,18 | 0,0233 |
| 10 | 99 | 0,6 | 62 | 0,43 | 0,083 | 5,2 | 2,18 | 0,42 | 0,0147 |
| 11 | 125 | 0,9 | 79 | 0,40 | 0,087 | 4,6 | 1,69 | 0,58 | 0,0352 |
| 12 | 128 | 1,1 | 33 | 0,35 | 0,081 | 4,3 | 1,93 | 0,53 | 0,0216 |
| 13 | 136 | 0,9 | 101 | 0,90 | 0,130 | 6,9 | 1,93 | 0,87 | 0,0226 |
| 14 | 134 | 1,8 | 100 | 1,21 | 0,189 | 6,4 | 1,08 | 2,92 | 0,0196 |
| 15 | 129 | 1,1 | 69 | 0,76 | 0,095 | 8 | 1,69 | 0,56 | 0,0282 |
| 16 | 148 | 1 | 23 | 0,91 | 0,128 | 7,1 | 1,5 | 0,64 | 0,019 |
| 17 | 147 | 1,2 | 148 | 0,78 | 0,128 | 6,1 | 1,67 | 0,98 | 0,0144 |
| 18 | 136 | 1,1 | 37 | 0,69 | 0,141 | 4,9 | 1,15 | 1,58 | 0,0235 |
| 19 | 149 | 1 | 91 | 0,98 | 0,156 | 6,3 | 2,02 | 0,77 | 0,0258 |
| 20 | 145 | 1,2 | 89 | 0,38 | 0,079 | 4,8 | 1,45 | 0,9 | 0,047 |
| Meðaltal sjúkl. | 138,6 | 1,18 | 55,2 | 0,71 | 0,109 | 6,46 | 1,399 | 1,62 | 0,02132 |
| Meðaltal viðm. | 137,7 | 1,13 | 77,0 | 0,74 | 0,121 | 5,94 | 1,61 | 1,03 * | 0,02569 * |
| markteikur munur (P < 0,01) | | | | | | | | | |

sókn voru í vinnu. Fróðlegt hefði verið að fá sýni úr fullorðnu fólki > 70 ára, sem hætt er að vinna.

Q9 var notað sem innstaðall þrátt fyrir að það hafi fundist í mönnum. Í manna plasma er það hins vegar mjög lágt og einhverjar sveiflur í styrk þess ættu ekki að hafa breytt neinu um niðurstöður í þessari rannsókn.

Q10 og kólesteról sýndu mikla fylgni, $r = 0,53$ og t-test sýndi $P < 0,004$ sem er mjög marktæk fylgni enda ekki óeðlilegt þar eð bæði efnin ferðast í eða með lipoproteinum. Þessar niðurstöður eru sambærilegar við niðurstöður Edlunds.⁷

Þegar LDL-kólsteról hafði verið metið samkvæmt formúlu Friedewalds¹⁰ (heildar LDL-kólesteról = heildarkólesteról -HDL kólesteról - þríglyseríðar/2,18) sýndi Q10 / LDL-kólsteról heldur meiri fylgni $r = 0,7$

Q10 styrkur í blóði hjartasjúklinga á skurðarbordi reyndist ekki frábrugðinn Q10 styrk í heilbrigðum einstaklingum.

Meðalstyrkur Q10 í plasma sýndi enga marktæka fylgni við meðalstyrk Q10 í vöðvum $r = 0,2215$ og t-test sýndi $P > 0,2$. Pessu ber vel saman við niðurstöður Laaksonen o.fl.⁸ Niðurstöður okkar bentu jafnvel til neikvæðrar fylgni milli Q10 í vöðvum og Q10 í plasma sjá mynd

6. Slík fylgni gæti verið rökrétt ef líkaminn reyndi að framleiða aukið Q10 annars staðar í líkamanum til að bæta upp lág eða lækkuð gildi af Q10 í vöðvum. Kanna mætti frekar með fleirum og fjölbreyttari sýnum hvort styrkur í plasma og vöðvum hefði neikvæða fylgni.

Við höfðum gert ráð fyrir þeim möguleika að vefjagigtarsjúklings hefðu lægri Q10 styrk í plasma eða vöðvum en heilbrigðir einstaklingar, það reyndist ekki vera svo. Í þessari rannsókn að minnast kosti var ekki hægt að sýna fram á marktækan mun á þessum hópum hvað Q10 varðar. Reyndar eru þetta fáir einstaklingar og jafnhvel þó allur normal hópurinn væri tekinn sem viðmið fékkst ekki marktækur munur. Gerð voru nokkur tölfræðleg próf á niðurstöðunum svo sem t-test (two-sample assuming equal variances) og merkt raðgildapróf Wilcoxon þessu til sönnunar.

Helsti munur á hópunum var kreatínkínasa mælingin en minna má að þessi sjúklingahópur hefur litla hreyfingu. Einnig var marktækur munur á þríglyseríðum en á því fannst engin skýring. Bæði sjúklingar og viðmiðunarhópur voru fastandi og var sérstaklega eftir því gengið. Ástæða gæti verið til að kanna þetta nánar.

Segja má að mælingar á Q10 í blóði og vöðvum séu enn óplægður akur og gætu ýmsar lífeðlisfraðilegar ástæður (áreynsla, lækkun líkams-hita) og sjúkdómar s.s. hypo-og hyperthyroid ástand, lamaðir eða ischemiskir vöðvar verið fróðlegt viðfangsefni í framtíðinni. Lifrarsjúkdóma væri áhugavert að kanna, en lifrin hefur reynst vera með mesta magn af Q10 á hverja þyngdareiningu af þeim líffærum, sem mæld hafa verið í mönnum og dýrum til þessa.⁹

Enn þá eru því margir þættir óþekktir er varða Q10 styrk í plasma og vöðvum.

Ætti aðferð sú sem hér er lýst að geta nýst til frekari rannsókna á Q10 styrk hjá heilbrigðum og sjúkum við mismunandi aðstæður.

Pakkir

Ég vil þakka samstarfsfólk mínu við þetta verkefni, sérstaklega Matthíasi Kjeld, sérfræðingi, leiðbeinanda og kennara og Björgu Þorsteinsdóttur, læknanema.

Einnig vil þakka Árna Geirssyni, sérfræðingi og Sigurði Sigurjónssyni, sérfræðingi. Samstarfsfólk á Rannsóknarstofu Landspítalans, sem gerði mér fært að vinna þetta verkefni og gaf blóðsýni í normalgildamælingar fær líka bestu þakkir.

Sigrún Rafnsdóttir er deildarmeinatæknir á lyfjarannsókn á Meinefnafraðideild Landspítalans.

Heimildir

- American Institute for Biosocial Research Scientific Reviews Botanical Medical Series, Number 4, 1987
- Beyer RE, Nordenbrand K, Ernstner L. The function of coenzyme Q10 in free radical production and as an antioxidant, a review. *Chem. Scripta* 1987; 27: 147-53
- Judy W V, Hall J H, Toth P D, Folke K. Double blind-double crossover study of coenzym Q10 in heart failure. Elsevier Science Publisher 1986; 5; 315-23
- Diamant,Bertil og Karlsson, Jan. Ubikinon -kolsterolets ukendte söster. Ugerskrift for lager, 5.november 1990 152/45
- Mette Kjeldsen og cand.scient Dennis Moe. Ubiquinone (coenzym Q10) í plasma i forskellige parodontitis-grupper og en kasuistik. Tandlægebladet 1995; 98 NR6 blz 293-294
- Tadashi Okamoto, Yuko Fukunaga, Yukako Ida and Takeo Kishi. Determination of reduced and total ubiquinones in biological materials by liquid chromatography with electrochemical detection. *Journal of Chromatography* 1988; 430; 11-19
- Per Olof Edlund. Determination of coenzymeQ10, a-tocopherol and cholesterol in biological samples by coupled-column liquid chromatography with coulometric and ultraviolet detection. *Journal of Chromatography*; 1988; 425: 87-9
- Reijo Laaksonen,Ajla Riihimäki,Jouko Laitila, Kerttu Märttentsson,Matti J. Tikkanen and Jaakko-Juhani Himberg. Serum and muscle tissue ubiquinone levels in healthy subjects. *J.Lab Clin.Med.*1995; vol 125; number 4; 517-521
- Johanna K Lange and Lester Parker. Quantitative determination of vitamin E and oxidized and reduced coenzyme Q by High-performance liquid chromatography with inline ultraviolet and electrochemical detection. *Journal of Chromatography* 1987; 385; 109-117
- G.Russel Wärnich. Estimating Low-Density Lipoproteincholesterol by the Friedewald Equation is adequate for ... *Clin.Chem.* 1990; 36/1, 15-19

Leica



Ný hönnun - ný kynslóð

Einstök myndgæði

Notendavæn

augasteinn

FAXAFEN 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 568 4680 • FAX 568 5421

SOCOREX

Svissneskar pípettur á góðu verði



Míkrópípettur

Makrópípettur

Fjölpípettur

Skammtarar

Pípettuoddar



KEMIA

Suðurlandsbraut 10
108 Reykjavík
Sími 588 9495 Fax 588 9487

Latex ofnæmi

Á síðari árum hefur orðið aukning á notkun gúmmihansa á sjúkrastofnunum. Með tilkomu HIV veiru og fjölgunar á lifrabólgtutilfellum þykir þetta vera sjálfsgögð vörn gegn smiti þó vissar rannsóknir bendi til að þeir séu ekki eins örugg vörn og talið hefur verið. Með aukinni notkun latex hanska eykst hettan á ofnæmi. Það hefur lengi verið vit-að að latex er ofnæmisvaldur en latex hanskur eru ódýrir og þykja end-ingargöðir. Rannsókn sem nýlega var gerð í Bandaríkjum sýnir að næst á eftir tannlæknum eru meinatæknaðar fjölmennasti hópur heil-brigðisstarfsfólks með latex ofnæmi.

Hvað er latex? Latex er kvoðukenndur, mjólk-urliður safi ýmissa plantna og trjáa. Ýmsar vörur eru framleiddar úr latexi en eiginleikar þess eru mismunandi eftir tegundum plantnanna. Safi paragúmmítrésins Hevea Brasiliensis er notaður í gúmmíframleiðslu og er tréð ræktað í því skyni. Safinn er að mestu leyti kolvetnis-sambond en um 1% eru próteinsambond sem eru ofnæmisvaldandi.

Latexofnæmi kemur fram á ýmsan hátt. Snertiofnæmi, nefrennsli og bráðaofnæmi í önd-unarfærum eru algengust. Húðútbrot verða við það að latex lekur úr hönskunum og fer inn í

gegn um húðina en sviti og raki auðvelda þennan flutning. Húðin verður rauð og sprungur myndast og þessu fylgir kláði. Þetta lagast oft fljótt við það að hætta að nota latex hanska. Í sumum tilfelli er það ekki nóg. Þeir sem eru með latexofnæmi og asma geta fengið alvarleg einkenni í öndunarfæri þegar púðrið í hönskunum fer út í andrúmsloftið þegar aðrir á vinnustáðnum fara í og úr hönskunum. Latex próteinin festast í púðrinu og geta jafn-vel flust á milli herbergja með innanhúss lofræsti-kerfum.

Meinataeknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn þurfa að hafa í huga að sjúklingar með latex ofnæmi verði ekki með-höndlædir með vörum sem innihalda latex. Far-ið er að merkja rúm þessara sjúklinga til að vekja athygli á þessu. Hafa verður í huga að í Greiner-blóðtökukerfinu er latex í millistykkinu fyrir „butterfly“ nálnarar.

Til eru fæðutegundir sem hafa ofnæmisvaka sem veldur krosssvörum við latex. Neysla þessara fæðutegunda veldur ofnæmi hjá sumum þeirra sem hafa latexofnæmi. Þetta eru m.a. bananar, hnetur, mangó, kíví og avocado.

Við höfðum spurnir af hjúkrunarfræðingi með latex ofnæmi og fengum hana til að segja sögu sína. Hún segir svo frá: „Ég notaði oft gúmmí-



hanska við heimilisstörfin og fann alltaf fyrir kláða og ertingu í húð. Ég tengdi það ekkert sérstaklega ofnæmi. Árið 1989 eignaðist ég barn sem var tekið með keisaraskurði. Strax eftir skurðinn fékk ég kláða og roða á húð og var álit-ið að það væri vegna lyfjagjafar en vitað er að margir svara morfínlyfjagjöf þannig. En skurðinum hafði verið lokað með „steristrip“ plástrí og svæðið í kringum skurðinn var allt rautt og þrútið. Þegar plásturinn hafði verið tekinn burt, hurfu þessi einkenni fljóttlega. Í febrúar 1995 var ég að skipta um umbúðir á sári hjá sjúklingi og notaði latexhanska. Við það varð ég viðþolus af kláða á höndnum. Ég tók af mér hanskana og þvoði mér með heitu vatni og sápu en kláðinn varð sifellt verri og verri. Ég hljóp meira að segja út og stakk höndnum í snjóinn. Þessi ofsaþláði breiddist út um allan lískamann ásamt bjúgmyndun sem varð sérstaklega áberandi í kringum augun. Ég var lögð inn á sjúkrahús eina nótta þar sem ég fékk adrenalín og ofnæmislyf í æð. Læknir sem ég ræddi við áleit þetta vera latex ofnæmi. Ofnæmispróf, húðpróf og rastpróf sýndu mjög sterka svörun. Ég hætti nú að nota þessa hanskategund en það hefur komið fyrir að ég hef komist í snertingu við latex af tilviljun, m.a. í afmæli dóttur minnar þá snerti ég á blöðru og varð að fara á sjúkrahús strax til að fá viðeigandi meðferð. Það er erfitt að þurfa að forðast alla hluti úr latex bæði í

vinnu og heima fyrir þar sem það er notað í svo marga hluti. Ég fer t.d. með plasthansa til tannlæknis og bið hann að nota þá og bið hann um að nota ekki „dúkinn“ sem settur er upp í mann því í honum er latex. Ég geng með MedicAlert merki um hálsinn og geng með Epi-Pen (adrenalin) í vasanum því það er lífshættulegt fyrir mig ef ég færí t.d. meðvitundarlaus inn á sjúkrahús.¹

Af þessari frásögn er ljóst að latexofnæmi getur valdið mjög alvarlegu ástandi. Meintæknaður þurfa að gæta þess að latexhanskar sem þeir nota séu þúðurlausir eða nota plasthansa.

Hulda og Kristín eru meinatæknar á Blóðfræðideild Landspítalans.

Heimildir

1. Davið Gíslason og Unnur Steina Björnsdóttir. Latexofnæmi - nýtt heilbrigðisvandamál. Læknablaðið, 8.tbl. ágúst 1996.
2. Eline Randers Smith-Sivertsen. Livsfarlig allergi utlöst av Latex-hansker. Bioingenjören Nr. 8-1997.
3. Ýmsar heimildir á Alnetinu.



ÁSGEIR SIGURÐSSON HF.

Síðumúla 35 • P.O. Box 8940 • 128 Reykjavík

Blóðfræðideild Landspítalans

Fyrsta janúar 1998 breytti Rannsóknastofa Landspítalans í blóðmeinafræði um nafn, heitir nú Blóðfræðideild Landspítalans. Fyrsta maí sl. fluttist sameiginleg móttaka sýna og tölvumssjón undir Meinefnafræðideild Landspítalans og fær blóðfræðin þjónustu frá þeim.

Margrét Ágústsdóttir, meinatæknir, var ráðin gæðastjóri sl. haust. Hún hefur unnið þarf og mikil starf og er nú stöðugt verið að vinna bæði í innra og ytra gæðaeftirliti deildarinnar.

Á blóðfræðideildinni er nú verið að undirbúa beinmergs- og stofnfrumuflutninga. Vonir standa til þess að þeir hefjist síðar á þessu ári. Sigrún Reykdal, læknir, hefur verið ráðin sem sérfræðingur á því svíði.

Sigmundur Magnússon, forstöðulæknir, hætti störfum vegna aldurs nú um áramótin. Nýr yfirlæknir var ráðinn, Páll Torfi Önundarson sérfræðingur í blóðfræði.

Sigmundur Magnússon var ráðinn yfirlæknir við deildina árið 1961 og var fyrsti sérfræðingur í blóðfræði á Landspítalanum. Auk vinnu á rannsóknastofunni stýrði hann einn allt til ársins 1975 meðferð sjúklinga með illkynja blóðsjúkdóma og var fyrstur hér á landi til þess að beita lyfjameðferð við krabbameini. Fjórir sérfræðingar í blóðfræði eru nú við deildina, þeir sinna rannsóknastofunum, meðferð sjúklinga, göngudeild og legudeild L5 sem hefur 6-7 rúm og er eingöngu fyrir sjúklinga með illkynja blóðsjúkdóma. Meinatæknastöður eru alls 21, þar af 16 hlutastörf. Almennir meinatæknar eru sextán, deildarmeintæknar sex, kennslumeintæknar tveir, sérannsóknameintæknar tveir, gæðastjóri og yfirmeintæknir.

Eygló Bjarnardóttir



Starfsfólk Blóðfræðideilda Landspítalans þegar það kvaddi Sigmund.

M.Sc. nám við læknadeild

Háskóla Íslands

Nú á þessum vetrarvarð sú stórkostlega framför í menntunarmálum okkar að meinataeknar hófu Master of Science nám við Háskóla Íslands. Reyndist þetta undirritaðri sem nú hefur hafið slíkt nám afar auðsótt hvað varðar samþykkt umsóknar og innritun í læknadeildina. Ég hef verið beðin um að fjalla örлітиð um fyrirkomulag námsins og verður hér fjallað í stuttu máli um uppbryggingu námsins, innritunarferli og námslok.

Uppbygging námsins

M.Sc. námið er í heild 60 einingar og tekur lágmark 1 ár en 4 ár hið mesta. Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og er ritgerð sem byggir á eigin rannsóknum stærsti hluti námsins. Rannsóknaverkefnið skal vera 30 einingar hið minnsta en 45 einingar hið mesta. Aðrar einingar fást með þáttöku í námskeiðum. Val námskeiða er að mestu frjálst en æskilegt að þau tengist rannsóknaverkefni. Áhugasvið okkar leiða okkur helst að námskeiðum við líffræðiskor en einnig eru haldin sérstök námskeið fyrir M.Sc. nema á vegum læknadeildar og geta nemar komið þar fram með óskir um námskeið. Kennsla leiðbeinanda og lestur fræðigreina getur talist til 5 eininga með því skilyrði að skilað sé ritgerð eða tekið munnlegt próf.

Innritunarferli

Fyrsta skrefið og eitt það mikilvægasta er pörun nemanda og leiðbeinanda. Þeir ákvæða að taka upp fræðilegt samstarf og hefja starf sitt á því að gera rannsóknaráelun og skipuleggja ofan í kjölinn það verkefni sem taka á fyrir.

Leiðbeinandinn aðstoðar nemandann við gerð rannsóknar og námskeiðsáætlunar og umsókn er samin. Í umsókninni þarf að koma fram ítarleg lýsing á verkefninu og fræðilegum bakgrunni þess. Þar þarf einnig að vera lýsing allra aðferða sem beita á, gróf tímaáætlun og e.t.v. gróf kostnaðaráætlun. Listi yfir fyrirhuguð námskeið þarf einnig að fylgja með. Umsókninni er síðan skilað til læknadeilda sem sendir rannsóknanaámsnefnd hana til umsagnar. Ef nemandi uppfyllir innritunarskilyrði sem er B.Sc. próf og ef nefndin metur umsókn fullnægjandi sem og að tryggt sé að kostnaður falli ekki á deildina þá heimilar deildarforseti innritun. Ef fjárhagsgrundvöllur námsins er ekki tryggður má sækja um styrk til rannsóknanaámsssjóðs sem nú er undir hattí Rannís. Ekki má gleyma B-hluta vísindasjóðs MTÍ sem kjörið er að sækja í fyrir nám af þessu tagi.

Þegar nemandi hefur innritað sig er skipaður umsjónarkennari og M.Sc. nefnd sem fylgist með framvindu námsins.

Námslok

Náminu lýkur með því að kandídat leggur fram ritgerð sem standast verður gæðakröfur umsjónarnefndar áður en hún er send til prófómara. Ritgerðin skal vera þannig uppbryggð:

- I. Vísindagrein á ensku
- II. Ítarlegur formáli á íslensku
- III. Ítarleg umræða um stöðu rannsókna á fræðasviði
- IV. Ítarleg umræða um niðurstöður verkefnisins.

Þegar allar þessar ítarlegu umræður hafa verið metnar fullnægjandi til M.Sc. prófs er það haldið. Prófið felst í 45 mínútna fyrirlestri um rannsóknaverkefnið og niðurstöður þess. Að því loknu prófa prófdómarar í hálfu klukkustund og síðan leyfast fyrirspurnir. Þegar þetta er allt afstaðið setjast niður prófdómarar, aðalumsjónarkennari og fulltrúi úr rannsóknanaámsnefnd og meta hvort stúdent hafi staðist M.Sc. próf. Frammistaðan er metin á grundvelli árangurs í rannsóknavinnu, gæði ritgerðar og fyrirlestrar

og hæfni til rökræðu um niðurstöður rannsóknarinnar.

Hér hafa nú verið tíunduð helstu formsatriði M.Sc. námsins en ítarlegri upplýsingar má fá hjá læknadeild HÍ. Ég vil í lokin hvetja meintækna til að kynna sér og nýta sér þennan spennandi möguleika til framhaldsmenntunar sem nú er orðinn að veruleika.

Kristín Jónsdóttir, M.Sc. nemi og meintækna á Sýklafræðideild Landspítalans.



Fræðslunefnd

Fræðslunefnd MTÍ 1997-1998 skipuðu, Kristín Jónsdóttir formaður, Sýklafræðideild Lsp, Steinunn Sveinsdóttir Krabbameinsfélagi Íslands, Sigrún Bragadóttir Delta, Elísabet Kristbergsdóttir Blóðfræðideild Lsp og Gunnhildur Ingólfssdóttir Ónæmisfræðideild Lsp.

Starf nefndarinnar fór hægt af stað á haustdögum og sökum annrökis hjá nefndarmönnum og öðrum meinataeknum við samningsgerð og námskeið var enginn fræðslufundur haldinn fyrir áramót. En bætt var um betur eftir áramótin og voru haldnar þrír fræðslufundir. Sá fyrsti var haldinn í Eirbergi þann 10. febrúar. Þar talaði Sigurður B Þorsteinsson, smitsjúkdómasérfræðingur, um bakteríuna Chlamydia pneumoniae. Var sá fundur nokkuð vel sóttur, 45 meinataeknar mættu, og sköpuðust skemmtilegar umræður eftir góðan og áhugaverðan fyrirlestur Sigurðar um þessa einstöku bakteríu sem nú þykir sýnt fram á að geti átt þátt í hjarta og æðasjúkdóum. Ætis- og góðgætisnefnd sem nú er skipuð meinataeknum á Blóðfræðideild Lsp. reiddi fram dýrindis kræsingar að loknum fyrirlestri.

Annar fræðslufundurinn sem haldinn var í Eirbergi 17. mars var enn betur sóttur eða um 70 manns og var afar skemmtilegur enda einn af okkar uppáhalds fyrirlesurum að tala, Ásbjörn Sigfusson, sérfræðingur á Ónæmisfræðideild Lsp. Sagði hann okkur þrjár stuttar sögur af óhefðbundnum rannsóknunum sem gerðar hafa verið á ónæmisfræðideildinni vegna sérstakra sjúkratilvika sem upp hafa komið en þau fjölluðu um kúfisk, kornabörn og kínin. Stórkemmtilegur fræðslufundur og að vanda frábærar veitingar í boði ætis- og góðgætisnefndar á eftir.

Annan febrúar síðastliðinn þáði fræðslunefnd boð Sveins Guðmundssonar blóðbankastjóra um að koma í kynnisferð um blóðbankann. Var

ferðin farin vegna væntanlegs aðlþjóðadags meinataekna 15. apríl en þema þess dags var „Biomedical Laboratory Science - the Key to Transfusion Safety“. Var hugmyndin að fá Svein og hans fólk til að tala á fræðslufundi í tengslum við þennan dag. Sveinn sýndi nefndinni aðstöðuna og kynnti henni starfsemi blóðbankans bæði hefðbundnar rannsóknir bankans og nýjungar m.a. rannsóknir á stofnfrumum og vefjaflokkana. Að kynningunni lokinni voru kaffiveitingar og umræður um fyrirhugðaðan fyrirlestur. Sveinn var mjög áhugasamur og varð það úr að hann kom ásamt fríðu fóruneyti á fræðslufund þann 16.apríl. Með Sveini voru Kristbjörn Orri Guðmundsson og Ína Björg Hjálmarsdóttir líffræðingar og Auður Theódórsdóttir meinataeknir. Kristbjörn fjallaði um Stofnfrumumeðferð við krabbameini, merkilegar rannsóknir sem gefa krabbameinssjúkum nýja von í baráttunni gegn þessum vähesti. Auður talaði um rhesusvarnir á Íslandi en hún hefur starfað við þær frá upphafi. Gaman var að heyra sögu Auðar og gott að sjá þegar rannsóknir fyrirbyggja sjúkdóma og mikilvægt er að slíku forvarnarstarfi sé viðhaldið. Ína Björg hélt mjög greinargóðan fyrirlestur um vefjaflokkana og kynnti afbragðsvel þær tvær aðferðir sem notaðar eru við það þ.e serológisk próf og PCR. Í lokin kynnti Sveinn hugmyndir um að stofna beinmergsgjafaskrá á Íslandi. Gæti stofnun slískrar skrár þýtt að þegar hún væri komin vel á veg finndust hér 2-3 beinmergsgjafar á ári. Pharmaco hf. var svo rausnarlegt að veita okkur styrk fyrir veitingum og færum við þeim þakkir.

Ef litið er til framtíðar og þeirra verkefna sem bíða meinataekna á komandi misserum kemur fyrst upp í hugann sú gífurlega sprenging sem orðið hefur í rannsóknum á erfðamengi Ísland-

inga bæði í tengslum við arfgenga sjúkdóma og krabbamein. Ég vænti þess að þessi skemmtilega grein rannóknavísinda komi til með að eiga vaxandi þátt í störfum meinatækna og mikilvægt að þeir viðhaldi og bæti þekkingu sína á þessu sviði. Fræðslunefnd mun á næsta starfsári reyna að kynna fyrir meinatæknum það sem efst er á baugi í okkar starfi en einnig þarf að rifja upp og kynna fyrir öðrum allt þetta gamla og góða. Því eins og stendur þá er góð vísa aldrei of oft kveðin. Áleitnar spurningar síðfræðinnar tengjast okkar starfi náið og síðfræði heilbrigðisstéttá er málefni sem sífellt þarf að hamra á.

Að lokum vil ég þakka meinatæknum góða þátttökum í fræðslufundum vetrarins en betur má ef duga skal og vonumst við eftir að sjá enn

fleiri á fræðslufundum í haust en mörg áhugaverð efni bíða umfjöllunar. Nokkrar ábendingar um efni hafa komið til nefndarinnar og eru þær mjög vel þegnar. Þannig að ef þið vitið af eða langar að vita meira um eitthvað áhugavert efni þá er um að gera að láta fræðslunefndina vita.

Ég vil að allra síðstu senda meinatæknum baráttukveðjur á þessum erfiðu tímum launalega séð. Fagið okkar heldur þó áfram að vera skemmtilegt og við megum ekki sofna á verðinum, kynnum okkur nýjungar og sýnum faglegan metnað, þannig gerum við meinatækni að fagi framtíðar.

Kristín Jónsdóttir

Spilaðu með, stundum vinnur þú, Háskóli Íslands vinnur alltaf!

VnDA F53 156/SIA

Velgengni Happdrættis Háskólans birtist í öflugum Háskóla Íslands sem veltir nú nær 6000 stúdentum aðstöðu til náms og álíka fjöldi sækir til hans almenningsfræðslu, endurmenntun og nám með starfi.

Happdrætti Háskólans hefur í rúm 60 ár kostað flestar

byggingar Háskólans og á seinni árum nær öll tæki til rannsókna, tölvuver og tölvunet, sem

tengja kennslu- og rannsóknarumhverfi Háskólans við stofnanir og fyrirtæki um land allt og um allan heim.

Því er varla til sá íslendingur sem ekki nýtur góðs af öflugum háskóla á einn eða annan hátt.



**HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings!

Rannsóknadeild FSA

Eins og fram kom í pistli frá Rannsóknadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri í blaði meinatækna 1993 var deildin flutt í númerandi húsnaði fyrir nákvæmlega 10 árum. Þessa dagana er því verið að undirbúa hátíðahöld í tilefni þeirra tímamóta og er ætlunin að hafa opíð hús eða réttara sagt opna deild með sýningu á gömlum og nýjum tækjum. Að sjálfsögðu verður einnig boðið upp á rjómatertu ásamt ókeypis kóleresterólmælingu.

Rannsóknadeildin skiptist í fimm einingar, blóðbanka, sýkladeild, blóðmeina-, meinefnan- og hormónadeild. Þjónustusvæðið er allt Norðurland og berast sýni til okkar allt frá Blönduósi í vestri að Reyðarfirði í austri. Tækjabúnaður er í pokkalegu standi en mætti þó vera miklu betri, enda eru sum tækin orðin nokkuð gömul og lúin. Nýjasta tækið hér er El-eecs sem leysir af hólmi Axsym tæki frá Abbott sem hefur þjónað okkur mjög vel síðastliðið ár. Eins og í Blóðbankanum í Reykjavík eru allir blóðgjafar skimaðir fyrir HIV, HCV og HbsAg með þessu tæki en því miður er áframhaldandi tilvist þess hjá okkur nokkuð óljós eins og stendur. Engar aðrar stórvægilegar breytingar hafa orðið á tækjabúnaði deildarinnar frá áðurnefndum pistli, utan tvö lítil tæki, annað til mælinga á söltum og hitt fyrir blóðgasmælingar, sem bættust í safnið.

Tölvuvæðing hófst nokkru eftir flutning deildarinnar og hefur kerfi sem skrifað var fyrir deildina þjónað henni og hefur oft gengið á ýmsu í þeim málum. Engin tæki eru beintengd, þannig að allar niðurstöður eru handslegnar inn. Þetta býður að sjálfsögðu upp á vissa villuáhættu en með góðum vilja hefur þetta allt gengið. Nú eru í gangi athuganir á sameiginlegu tölvukerfi fyrir sjúkrahús á Reykjavíkursvæðinu og FSA áður en „aldamótavandinn“ brestur á og vonandi skila þær jákvæðum árangri.

Á deildinni starfa, auk yfirlæknis, læknaritari,

móttókuritari, aðstoðarstúlkur í 1,5 stöðugildi og 19 starfsmenn sinna 14,5 stöðugildum meinatækna. Vinnutími meinatækna er frá 7.30-15.30 en 2 meinatækna mæta seinna á morgana og vinna til kl. 17. Í kjölfar nýrra kjarasamninga var tekið upp nýtt fyrirkomulag gæsluvakta og stendur nú kvöldvaktin hjá okkur frá kl. 17-24 en þá tekur næturvaktin við en hún er önnur þeirra sem mætir seinna að morgni en hin er svo aukabavkraft sem stendur frá 17-07 og er eingöngu notuð á álagstínum. Helgavaktirnar skiftast nú milli fjögurra starfsmanna í stað þriggja áður og eru meinatækna mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag og telja ófært að snúa aftur til fyrra horfs. Meinataeknar á FSA hafa þá sérstöðu að þurfa að sinna á vöktum verkefnum í blóðmeina- og meinefnarfræði, lyfja- og hormónamælingum svo og vinnu á þvag- og sýkladeild ásamt stöðugum verkefnum í blóðbanka. Vinnan er mikil og verkefnin mörg og stöðug endurþjálfun starfsmanna verður að eiga sér stað til að takast á við þau.

Ytra gæðaeftirlit er frá Randox og Labquality en við innra eftirlit er stuðst við eftirlitssýni frá ýmsum fyrirtækjum. Á síðasta ári vann fyrsti meinatæknaneminn lokaverkefni sitt við deildina undir handleiðslu yfirlæknisins og nú á næstu dögum kemur annar í sömu erindagjörðum og erum við að vonum ánægð með það. Ekki má heldur gleyma að geta þess að á fyrstu dögum ársins uppgötvaði árvökull meinatæknir hina 2,8-DHA kristalla í þvagsýni frá einum sjúklinga okkar.

Nú er sumarið handan við hornið og við lítum björtum augum á framtíðina, þrátt fyrir aðhald, sparnaðaraðgerðir og neyðaráætlunar forráðamanna sjúkrahússins, enda lýsti hæstvirtur heilbrigðisráðherra því yfir í fjölmöldum nýverið að vandi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri yrði leystur.

Valgerður Franklín

Endurmenntunarfnd

Síðastliðið haust voru haldin 3 námskeið á vegum endurmenntunarfndar MTÍ. Hormónanámskeið sem var endurtekið nokkrum vikum síðar vegna mikillar aðsóknar og tölvunámskeið.

Hormónanámskeiðið var 20 tíma námskeið og voru helstu hormónakerfi líkamans tekin fyrir. Fyrirlesarar voru að mestu leyti læknar og aðrir sem vinna við rannsóknir á hormónum. Pátttakendur á hvoru námskeiði voru yfir 110 manns.

Tölvunámskeiðið var 48 tíma námskeið (þriggja eininga). Farið var yfir ritvinnslu, glærugerd og töflureikni. Kennari var Ísleifur Árni Jakobsson lektor TÍ. Aðsókn hefði mátt vera betri, ekki tókst að fylla þau 15 sæti sem var gert ráð fyrir. Ég held að það sé nokkuð ljóst að þótt margir meinatæknar vinni með tölvur í starfi sínu þá vanti mikið upp á tölvuþekkingu hjá mör gum þeirra. Ef annað tölvunámskeið verður haldið, ættu fleiri að nýta sér það.

Meintæknar á landsbyggðinni hafa beðið um að námskeið verði haldið norðan heiðar og munum við reyna að standa fyrir hormónanámskeiði á Akureyri næsta vetur. Í endurmenntunarfnd hefur verið rætt um ýmis námskeið í framtíðinni og meðal þess sem er verið að undirbúa er námskeið í mannerfðafræði og er gert ráð fyrir 24 tíma námskeiði sem myndi vera haldið á tveimur vikum. Einnig hefur verið rætt um að fá erlendan fyrirlesara hingað til að halda námskeið og væri gott að heyra frá meinatæknum hvað finnst um það.

Brynja R. Guðmundsdóttir



Rannsóknadeild SHR í Fossvogi

Meinefna- og blóðmeinafræði

Rannsóknadeild SHR í Fossvogi tók á síðasta ári í notkun nýtt sjálfvirkт tæki til storkumælinga af gerðinni Sysmex CA-6000 frá TOA Medical Electronics Co.Ldt.

Í þessu tæki er notuð nýjasta tækni við mælingar á storkuþáttum í blóði, bæði „photoelectric scattering light detection“ „fibre optic colourimetric detection“. Tækið reynist vel og er af því mikill vinnusparnaður fyrir meinatækna, bæði í dagvinnu og ekki síður á vöktunum þar sem ekki þarf að standa yfir því meðan það vinnur. Sem stendur er tækið notað til að mæla thrombotest, APTT, PT og fibrinogen. Nú er verið að vinna að uppsetningu á nýjum rannsóknum, svo sem antithrombin, prótein C og faktor VIII. Fleiri rannsóknir munu svo fylgja í kjölfarið því tækið getur gert 20 mismunandi mælingar.

Helstu nýjungar í tækjamálum meinefnafræðinnar eru þau að haustið 1996 fengum við Elecsys 2010. Það er random tæki, þ.e. getur mælt allt að 15 rannsóknir í einu. Mælingar á Elecsys byggjast á notkun einstofna mótefna og mælitækni sem kallast „electrochemiluminescence immunoassay“. Á Elecsys tækið mælum við skjaldkirtilshormón, kynhormón, nokkra æxlisvísa, Ck-MB, tróponin T og ferritin. Bráðlega bætast einnig við B12 og fólat. Þá verður tækið ofhlaðið verkefnum og augljóst að annað tæki er nauðsynlegt. Elecsys tækið er mjög vinnusparandi og veitti ekki af því mikil aukning hefur orðið á þeim rannsóknum sem mældar eru á það. Auk þess leysis það af tæki eins og Abbott IMX, Delfia, Amerlite og RIA mælingar, sem eru miklu tímafrekari og mæla aðeins eina rannsókn í einu.

Síðastliðin 2 ár hefur átt sér stað flutningur á rannsóknum frá meinefnafræðideild Landakots til SHR í Fossvogi og verður honum nú lokið um miðjan maí. Þá verða allir meinatækna og lífeftafræðingur meinefnafræðinnar á Landakoti

komni til starfa í Fossvogi ásamt þeim tækjabún-aði sem var á Landakoti. Meðal þeirra tækja sem koma er Vitros 250. Er það til mikilla þæginda og aukins öryggis fyrir deildina þar sem við höfðum ekkert varataki (back up) fyrir Vitros 700 tækið.

Nýr blóðtökuvagnar hafa verið í notkun um nokkurn tíma á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Vagnarnir hafa marga kosti umfram gömlu körfurnar sem hafa verið í notkun svo lengi sem elstu meinatækna muna. Vagnarnir eru á hjólum og eru hljóðlátir í akstri. Lagið er þannig að auðvelt er að koma þeim um þróngar sjúkrastofur. Þeir eru rúmgóðir, rúma hæfilegar birgðir af glösum og áhöldum fyrir blóðtökurnar. Innréttin sem eru hólf gera það að verkum að auðvelt er að hafa yfirsýn og vinna skipulega.

Vandamálin við gömlu körfurnar eru nokkur. Körfurnar þarf að bera, það þarf bord undir þær meðan blóðið er tekið, bord liggja ekki alltaf á lausu á sjúkrastofum. Verstu uppákomurnar með gömlu körfurnar eru þegar náttborðsplöturnar hafa gefið sig og körfurnar dottið í gófið og sýnatökuglösin brotnað. Körfurnar eru ekki nægilega rúmgóðar og erfitt er að halda góðu skipulagi í þeim. Vagnarnir eru framför, þeir auðvelda og tryggja betra öryggi við blóðtökurnar.

Húsnaði Rannsóknadeilda SHR er orðið allt of lítið og allar innréttigar gamlar og óhagkvæmar fyrir nútímarannsóknataki. Illa hefur gengið að fá nokkuð gert í því og litlar fjárveitingar eru veittar í þessum tilgangi þó svo að umsvif rannsóknadeildarinnar hafi aukist við flutninginn frá Landakoti.

Mikil aukning hefur orðið á göngudeildarþjónustu og aðsendum sýnum fjölgar. Mikil vinna fer í blóðtökur og frágang sýna vegna ýmskonar vísingavinnu. Álagið á rannsóknadeildinni hefur aukist gífurlega vegna þessa og fækkunar meinatækna sem við sjáum ekki fyrir endann á.

Meinatækna á SHR í Fossvogi

Atvinna



S J Ú K R A H Ú S
R E Y K J A V Í K U R

Meinatækna

Laus er til umsóknar staða meinatæknis á lyflækninga- og endurhæfingasviði.

Hér er um að ræða vinnu við sýklarannsóknir á smitsjúkdómadeild.

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Stefánsdóttir, yfirmeinatæknir í síma 525-1494

Einnig eru lausar stöður meinatækna á myndgreina- og rannsóknarsviði. Nánari upplýsingar veitir Jónhildur Halldórssdóttir, forstöðumeinatæknir í sínum 525-1475 og 525-1480

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf berist fyrir 1. júni næstkomandi til ofangreindra aðila.

Við ráðningar í störf vilja borgaryfirvöld stuðla að því að þau flokkist ekki í sértök kvenna- eða karlastörf og hvetja það kynið, sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein, til að sækja um.

Atvinna



Meinatækni vantar

til sumarafleysinga á rannsóknarstofuna á Heilbrigðisstofnunni á Egilsstöðum

tímabilið 06.07.98 til 14.08.98.

Upplýsingar gefur Steinunn í síma 471-1400 og Einar Rafn í síma 471-1073



Sjúkrahús Suðurlands Selfossi. Meinatæknir óskast til sumarafleysinga á Sjúkrahús Suðurlands. Upplýsingar á rannsóknarstofu í síma 482-1300



Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði. Meinatæknir óskast til afleysinga við stofnunina helst frá miðjum júlí og út ágústmánuð. Upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri í síma 456-1110.

Atvinna



LANDSPÍTALINN
...i þágu mannúðar og visinda...

Meinatækna

Meinatækna óskast til sumarafleysinga á rannsóknastofur í blöð- og meinefnafraði á Landspítalanum.

Upplýsingar veita yfirmeinatækna. Eygló Bjarnardóttir í síma 560 1815 og Guðbjörg Sveinsdóttir í síma 560 1816.

Laun samkv. gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjarmálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást hjá starfsmannahaldri Ríkisspítala. Þverholti 18 og í upplýsingum á Landspítala.

Öll umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

ST. JÓSEFSSPÍTALI 

Meinatæknir

Staða meinatæknis er laus til umsóknar. Starfið er hlutastarf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst. Nánari upplýsingar gefur yfirmeinatækna í síma 555-0000. Skriflegar umsóknir berist sem fyrst.

Heimsókn á rannsóknastofu í Flóríða

Á ferð minni til Florida nýlega heimsótti ég Þórunni Einarsdóttur Deaton, meinatækni. Þórunn útskrifaðist frá Tækniþólu Íslands 1987 og flutti til Bandaríkjanna 1991. Hún fékk prófið úr T.I. viðurkennt en þrátt fyrir það þurfti hún að taka sérstakt próf til að fá atvinnuleyfi. Þetta munu allir erlendir meinatæknar þurfa að gera. Algengustu prófin eru N.C.A. (National Certification Agency) og A.S.C.P. (American Society of Clinical Pathologists). Þórunn tók það fyrirnefnda þar sem það gilti í Oklahoma en þar bjó hún fyrst eftir að hún flutti utan. Hún fékk strax vinnu. Þórunn flutti síðar til Floríða og þá kom í ljós að N.C.A. prófið gilti ekki þar. Hún tók þá próf sem gildir aðeins fyrir blóðmeina- og meinefnafraði. Þórunn hyggst nú flytja til Connecticut og þarf þá að taka A.S.C.P. prófið sem er nú viðurkennt í flestum ríkjum. Það er ekki aðeins mikil vinna að lesa fyrir þessi próf en það er prófað úr blóðmeinafræði, meinefnafræði, veiru- og sýklafræði, blóðbankafræði og ónæmisfræði, heldur kostar það líka talsverða fjárhæð.


Ég heimsótti Þórunni á vinnustað hennar á University Community Hospital. Þetta er einkasjúrahús með 440 rúmum. Rannsóknastofan er mjög vel búin tækjum en húsnæðið er mun minna en við erum vön, a.m.k. hér á Landspítalnum. Þetta er eitt mjög stórt herbergi og tækin hvert við hliðina á öðru. Sýklafræðin er út af fyrir sig í smáherbergi. Í kaffistofunni eru sæti fyrir fjóra. Í blóðmeinafræði er Sysmex tæki, mjög fullkomið. Ef deilitalning er óeðlileg sér tækið um að strjúka blóðdropa á gler og renna glerjunum í litaböðin. Tækið sem "stixar" þvagið gefur m.a. upp niturpróf pós. eða neg. Einungis eru smásjárskoðuð þvagsýni sem eitthvað er athugavert við eftir dýfuprófið. Í meinefnafræði var fullkomið tæki framleitt af Dupont. Um helmingur meinatækna þarna voru karl-

menn. Starfsfólk þarf sjálft að kaupa sín vinnuföt og koma í þeim að heiman þar sem engin búningsherbergi eru á staðnum. Hanskar eru notaðir við alla vinnu. Aðstoðarfólk sem hefur lokið 6 vikna námskeiði sér um að taka blóð og er á hlaupum um allan spítalann hvenær sem á þarf að halda. Meinatæknar eru ráðnir ýmist á dag-, kvöld- eða næturvaktir og vinnur Þórunn aðeins á kvöldvöktum, þ.e.a.s. frá kl. 15-23. Árlega er ráðning endurskoðuð og til að fá enduráðningu þurfa allir að fara í endurmenntun í 24 klst. Hluti af þessari endurmenntun er skylda t.d. fræðsla um HIV svo og verkefni úr þeim greinum sem viðkomandi vinnur við. Að hluta er hægt að velja verkefni, t.d. að skrifa um nýtt tæki eða að fá myndband á bókasafni spítalans um einhvern sjúkdóm og skrifa um hann. Meinatæknirinn þarf sjálfur að greiða fyrir þessa endurmenntun. Frammistöðumát er síðan gert yfir árið, þ.e. yfirmenn meta hvernig viðkomandi hefur staðið sig á starfsárinu. Nákvæmni í starfi vegur þar þyngst en allar niðurstöður eru skráðar á nafn viðkomandi starfsmanns. Geri starfsmaður mistök er mikil mál gert úr því. Stundvísí vegur einnig þungt í þessum. Niðurstöður frammistöðumatsins geta leitt til nokkurrar hækkunar eða lækkunar launa við endurráðningu.

Það var mjög fróðlegt að kynnast starfi meinatækna á Florida og mér sýnist sem margt mætti læra af því sem þeir eru að gera. Hins vegar eru ýmis önnur atriði sem ég vildi ekki skipta á við þá.

Kristín Guðmundsdóttir

hefur fjölbreytt og gott úrval af hágæða stöðlum (controls). Þeir bjóða m.a. protein, sýru-basa, hjarta, gitgar, þvag og mænuvökva staðla ásamt fjölda annarra staðla.



Nýtt !

Það nýjasta frá þeim er Coagulation Control.

- Lyphochek Coagulation Control.
- Mjög góður staðall framleiddur úr blóðvökva og notaður með rútínumælingum í storkurannsóknum.
- 2ja ára líftími.
- Stöðugur í 12 klst. uppleystur.
- Geymist við stofuhita eða í ísskáp uppleystur.
- 3 mismunadi mæligildi á PT og APTT.
- Eðlilegt gildi á Fibrinogen í Level 1.

Hægt er að mæla í Coagulation Controlinu:

Prothrombine Time (PT),
Activated Partial Thromboplastin Time (APTT)
Fibrinogen (lág gildi).

Hægt er að fá með kontrólunum UNITY-PC Quality Control Program án endurgjalds.



Pankar

Við lifum á hraðfleygri stund, breytingar hellast yfir þjóðfélagið og förum við ekki varhluta af því á okkar vinnustöðum, rannsóknastofum í heilbrigðiskerfinu. Undanfarin misseri hefur fátt verið meira rætt um en sparnað, samdrátt og hagræðingu. Forsjón okkar, landstjórnin, virðist hafa fundið formúlu fyrir því hve miklum peningum má verja til heilbrigðiskerfisins. Samkvæmt henni skammtar Alþingi síðan fé til reksturs heilbrigðiskerfisins og virðist sem lítill ágreiningur sé á þeim bæ um þann gerning. Ég held að nú hljóti að vera komið að endurskoðun á hve miklu fé skal varið til heilbrigðismála. Ég held að segja megi að heilbrigðisstarfsfólk hafi sýnt útsjónarsemi, vilja og dugnað við að draga úr útgjöldum og hagræða eftir megni.

Umblytingar hafa verið gerðar í sjúkrahús-málum að fengnum úttektum og ráðleggingum frá ýmsum ráðgjafafyrirtækjum þótt tillögum eins hins virtasta og frægasta væri hafnað. Hver er svo árangurinn af breytingum og sparnaði? Hann er vafalaust mikill á sumum sviðum og lakari á öðrum en hitt fer ekki á milli mála að sultarlína skal herða enn betur. Þótt sparað sé ár eftir ár er áramótakveðjan til vinnustaða okkar að spara nú enn og ekki minna en í fyrra! Auðvitað er sjálfssagt mál að veita stöðugt að-hald og fara vel með peninga, enda veit ég ekki betur en það hafi verið haft að leiðarljósi hér alla tíð.

EKKI er laust við að stjórnendur og raunar allt starfsfólk sé orðið langþreytt á þessu ástandi. Þetta ásamt stöðugu launastríði innan kerfisins þar sem allir virðast jafn óánægðir með sín kjör hefur skaðað starfsandann og lífsgleðina. Það kann ekki góðri lukku að stýra að starfsfólk þurfi alltaf að vera að hugsa um afkomu sína - innan og utan vinnu.

Eitt af því sem við hefur boríð síðustu misseri

er að KÁRI er kominn heim. Hann hefur stofnað fyrirtæki í samvinnu við erlenda aðila, Íslenska erfðagreiningu, sem orðið er heimsfrægt stórfyrirtæki. Þessu mikla fyrirtæki hefur verið ákaflega vel tekið og fagnað hér innanlands, enda hafa þar opnast störf fyrir fjölda manns. Það var m. a. mikill fengur að þessu fyrirtæki fyrir meinatækna, bæði vegna atvinnuleysis þeirra og góðra launa sem í boði eru hjá fyrirtækinu. Þessu ber að fagna og geri ég það heilsugar.

Bjartsýnisfólk létt sér jafnvel detta í hug að nú rynni upp betri tíð fyrir stéttina, þar sem eftir-spurn eftir meinatæknunum hefur nú farið fram úr framboði í fyrsta skipti í mörg ár. Ekki verður samt séð að það hafi skilað sér í því samninga-ferli sem nú standur yfir, þvert á móti! Því er það að launakjör þau sem bjóðast hjá Íslenskri erfðagreiningu verka eins og innrásarher á rannsóknastofurnar í heilbrigðiskerfinu. Þar geta stjórnendur engar varnir veitt, þegar starfsmönnum þeirra eru boðin laun sem eru á allt öðru plani en þeir mega bjóða. Þarna er ekki verið að tala um neina smáaura, nei, tugi og jafnvel hundrað þúsund króna. Er ekki umhugsunarvert hvernig okkar litla þjóðfélag er í stakk búið til að taka á móti happafeng eins og Íslenskri erfðagreiningu.

Svo mikið er víst að rannsóknastofur sjúkrahúsanna hafa mjög fundið hvaða áhrif launa-sprengjan sem Íslensk erfðagreining varpaði hefur haft á starfsliði. Óhjákvæmilega hefur atgerfisflótti átt sér stað. Og hver eru svo við-brögð valdhafa við þessu ástandi? Því er fljótsvarað og óþarfi að titunda fyrir meinatæknunum sem hafa áþreifanlega fengið að finna fyrir afstöðu þeirra en hún er afneitun á staðreyndunum sem við blasa. Launastefna þeirra er steinrunnin og dauð, ónýt til að halda fólk í stöðum

sínum. Nú er það eina vonin að þau ranki við sér og auki orðaforðann og bæti í hann jái til að nota á réttum stöðum. Þetta er ekki aðeins spurning um sjálfsögð og eðlileg launakjör starfsfólks á rannsóknastofum hins opinbera

heldur hvort þeirra þjóðprifastarf fær að lifa og þróast.

**Guðbjörg Sveinsdóttir, yfirmeinatæknir á
Meinefnafræðideild Landspítalans**

Skrifstofa MTÍ

Við eignum alla árganga Blaðs meinatækna á skrifstofu félagsins.

Hægt er að kaupa þá í einum pakka eða stök blöð.

Hafið samband við skrifstofu félagsins.

**HETTICH
SKYLVINDUR**

Austurbakki hf.
P.O. BOX 909 - 121 REYKJAVÍK, ICELAND

Norðurlandamót meinatækna



Ágústa, Theodóra, Kristín, Helga og Ásta í boði hjá borgarstjóranum í Lundi.

Norðurlandamót meinatækna 1997 var haldið í Lundi, Svíþjóð, dagana 11.-14. júní. Þangað fór Ágústa Þorsteinsdóttir Sjúkrahúsi Akraness, ásamt okkur þremur frá Sýklafræðideild Landspítalans, Helgu Alfreðsdóttur, Kristínu Gísladóttur og Theódóru Gísladóttur.

Dagskrá mótsins hófst með móttöku þann 11. júní kl. 19:30. Þar mættu þáttakendur á Star Hotel sem er glæsihótel í útjaðri Lundar. Bodil Persson, formaður sánsku samtakanna bauð viðstadda velkomna. Síðan var glæsilegur kvöldverður borinn fram. Þann 12. júní byrjaði síðan hinn fræðilegi hluti þingsins.

Dagskrá þingsins skiptist í fjóra hluta:

- I. Erfðatækni.
- II. Sjúkdómsgreining með ómtækni.
- III. Frumufræði.
- IV. Sýklafræði.

Við sóttum fyrirlestra um sýklafræði þar sem það er okkar áhugasvið. Fórst fyrirlesunum misvel að koma efninu til skila. En spurningin er hvort þetta var þeirra vandamál eða tungumálaerfiðleikar hjá sumum okkar því flestir

fyrirlesaranna töluðu skánsku með tilheyrandi kokhljóðum.

Í tengslum við mótið var tækjasýning. Okkur til ánægju komumst við að því að íslenskar rannsóknastofur eru vel tækjum búnar því að við sáum engar nýjungrar þarna. Síðasti dagur mótsins var helgaður konum og heilsu þeirra. Þar flutti meðal annarra prófessor Göran Samsi-oe áhugaverðan fyrirlestur um heilbrigði og hormóna. Voru þetta góð lok á mótinu.

Við óskaðum eftir að fá að skoða sýklafræðideild háskólasjúkrahússins í Lundi. Því var vel tekið og við vorum leiddar um alla stofnunina. Flestar okkar höfðu ekki skoðað sýklafræðideild erlendis fyrr og var þetta einn skemmtilegasti hluti ferðarinnar. Vinnuaðstaðan er öll mun rýmri en hjá okkur á Sýklafræðideild Landspítalans en starfsemi og sýnafjöldi svipaður.

Næsta Norðurlandamót verður árið 2001 þar sem Evrópumót verður haldið í Amsterdam árið 1999. Hugsum við stöllur okkur gott til glóðarinnar jafnvel þótt hollenska verði ríkjandi mál þar.

Helga Alfreðsdóttir

Skýrsla stjórnar

ADALFUNDUR 18. APRÍL 1998

Eftirtaldir meinatæknar sátu í stjórn Meina-tæknafelags Íslands á síðasta

starfsári og skiptu þannig með sér verkum:

| | |
|-----------------|--|
| Formaður: | Ásta Björg Björnsdóttir |
| Varaformaður: | Anna Guðrún Viðarsdóttir |
| Gjaldkeri: | Þórunn Inga Runólfssdóttir |
| Ritari: | Hafdfís Hafsteinsdóttir |
| Meðstjórnendur: | Guðrún Póroddsdóttir Líney Símonardóttir Sandra Magnúsdóttir |

Að þessu sinni ganga Anna Guðrún Viðarsdóttir og Sandra Magnúsdóttir úr stjórn, aðrir gefa kost á sér áfram til stjórnarstarfa. Er þeim báðum þökkuð velunni störf í þágu félagsins.

Stjórnarfundir á síðasta starfsári voru að jafn-aði mánaðarlega nema yfir hásumarið.

Samningamál

Alvarlegustu mál sem rædd hafa verið á stjórnarfundum er staðan í samningmálum félagsins. Það var ekki fyrr en 5. júlí sem kjara-samningur var undirritaður. Félagsfundur var boðaður til að kynna samninginn. Hafði þá samningalotan staðið frá október árinu áður. Nýtt launakerfi blasti við. Þar var fetað varfærnislega til jarðar og fór sumarið í að koma saman hinum víðfrægu aðlögunarnefndum félagsins við allar þær stofnanir sem meinatæknar vinna á. Það er skemmt frá því að segja að nú um miðjan apríl 1998 hafa tekist samningar á tveim



Stjórn MTÍ starfsárið 1997-1998 og nýi skrifstofustjórin. Aftari röð frá v.: Sandra Magnúsdóttir, Anna Guðrún Viðarsdóttir, Þórunn Inga Runólfssdóttir, Margrét Eggertsdóttir. Fremri röð frá v.: Guðrún Póroddsdóttir, Ásta Björg Björnsdóttir og Hafdfís Hafsteinsdóttir. Á myndina vantar Líneyju Símonardóttur.

stofnunum, með samtals sjö meinatækna. Þrjár stofnanir eru í úrskurðarnefndar ferli hjá sáttasemjara og að líkum stefna allir þeir samningar sem eftir eru þá leiðina með örfáum undantekningum. Það nálgast því tvö árin frá því að viðræðuáætlun fór frá félagini í upphafi þessa samningskrípaleiks sem nú um þessar mundir er langt frá því að vera lokið því fyrirsjáanlegt er mikið og þreytandi starf á hverri stofnun fyrir sig að halda utan um réttindi félagsmanna. Þótti rétt að upplýsa heilbrigðisráðherra um stöðu mála meinatækna og fóru fulltrúar félagsins á fund ráðherra.

Áróðursherferð

Stjórnin hefur einnig velt fyrir sér hvernig gera megi starf meinatækna sýnilegra og auka áhuga á náminu við Tækniþóld Íslands. Áróðurshópur var settur á laggirnar til að vinna að áróðri fyrir alþjóðadag meinatækna. Í hópnum voru Halla Hauksdóttir, Kristín Jónsdóttir og Ingibjörg Halldórsdóttir. Hópurinn fékk meinatækna til að skrifa greinar í Morganblaðið og tóks mjög vel til. Skipulegur aðgangur að fjölmíðli er erfiður, sérstaklega þegar nálgast kosningar, en þó komu reglulega greinar eftir meinatækna sem vöktu verðskuldaða athygli. Gerð voru barmmerki til að merkja meinatækna í tilefni alþjóðadagsins og vonandi eru meinatækna hreyknir af því að vera meinatæknar og bera merkin sem víðast.

Í framhaldi af þessari stefnu að gera okkur sýnilegri, ákvað stjórnin að gera tilraun til að gefa út tvö blöð meinatækna á ári. Breyta áherslum í blaðinu og horfa til framtíðar en ekki hafa blaðið annál liðins tíma. Þetta gefur tilefni til að skipuleggja frekar fram í tímann námskeið og fraðslufundi þannig að í haustblaði liggi dagskrá vetrarins nokkuð ljós fyrir. Er það von stjórnar að þetta mælist vel fyrir hjá félagsmönnum. Breytt var últli á fréttabréfi. Félagið er líka komið með netfang mti@islandia.is og var það draumurinn að vera búinn að koma upp heimasíðu fyrir alþjóðadaginn en samningamál

hafa ýtt þeirri vinnu út af borðinu í bili.

Lausar stöður

Auglýsingar á lausum stöðum meinatækna hafa líka verið áhyggjuefnir stjórnar, réttara væri að segja auglýsingaleysið. Allir vita að unga fólkid sem er að velta fyrir sér námi skoðar í og með atvinnuauglýsingar áður en val á námi fer fram. Í langan tíma sáust varla auglýsingar um lausar meinatækna stöður. Þetta er örliðið að breytast en ekki nóg. Það á að vera liðin tíð að stöður séu ekki auglýstar heldur að beðið sé eftir að einhver þekki einhvern. Félagið sendi bréf til allra yfirmeinatekna, forstöðumeinatekna og yfirlækna á stóru spítölunum þar sem minnt var á samkomulag um að upplýsa skuli lausar stöður í fjöldum.

Félagsfundir

Að vanda var haldinn félagsfundur norðan heiða á síðasta starfsári fljótega eftir aðalfund.

Á þeim fundi var skýrsla stjórnar kynnt, reikningar félagsins lagðir fram til kynningar og rett um þau málefni sem efst voru á baugi. Ánægjulegt er að sjá hve mæting meinatækna er góð og eru þessir fundir afar nauðsynlegir í starfsemi félagsins. Nauðsynlegt er þar sem MTÍ er landsfélag að reyna með öllu móti að efla tengsl við félagsmenn á landsbyggðinni. Að loknum samningum var farið norður og samningurinn kynntur þar.

Haustfundurinn var haldinn samkvæmt lögum félagsins og kosin samninganefnd.

Ávöxtun sjóða

Gengist var í með stjórn vísindasjóðs og stjórn kjaradeilusjóðs að leita að hámarksávöxtun fyrir sjóðina. Var leitað tilboða hjá nokkrum aðilum og reyndist tilboð Íslandsbanka hagstæðast og var því tekið.

Skrifstofan

Rekstur skrifstofunnar gekk vel á liðnu tíma-bili þrátt fyrir aukin umsvif. Halla Hauksdóttir,

skrifstofustjóri, hefur nú látið af störfum og þakkar stjórn Höllu trúmannsku og góð störf. Við starfi skrifstofustjóra hefur tekið Margrét Eggertsdóttir og mun skrifstofan vera opin áfram á sama tíma og var. Opnunartími skrifstofu er mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 13-16 en viðtalstími formanns á mánudögum frá 10-12.

Nefndir

Samninganeftnd, Öryggismálanefnd og Laganeftnd hafa verið virkar í verkefnum á síðasta ári að vanda. Gerð hafa verið drög að starfslýsingu fyrir síðanefnd þar sem áhersla nefndarinnar miðast að því að halda á lofti síðareglum meinatækna og vera stjórn til ráðgjafar í þeim málum sem gætu komið upp þeim tengdum. Endurmenntunarneftnd hélt á árinu tölvunámskeið, sameindalíffræðinámskeið og hin geysivinsælu hormónanámskeið. Ritneftnd er í blaðaútgáfu að venju og fræðslunefnd hélt þrjá fræðslufundi þann síðasta á fimmtudaginn var með metaðsókn.

Miðstjórn BHM

Fulltrúi MTÍ í miðstjórn Bandalagsins á síðasta starfstímabili var Ásta Björg Björnsdóttir og til vara var Anna Guðrún Viðarsdóttir. Umræður á miðstjórnafundum voru að vanda af margvíslegum toga en fyrst og fremst snérust þær um réttindi og kjaramál. Stofnun sjúkra-sjóðs bandalagsins hefur verið rædd og verður stofnun hans lögð fyrir aðalfund BHM næsta laugardag. Framtíðarskipan Bandalagsins hefur líka verið rædd í ljósi þess hve mikill munur er á stórum og litlum félögum innan bandalagsins. Ræddar verða hugmyndir framtíðanefndar á aðalfundi BHM, hugmyndirnar miða að því að gera sterkari þjónustueiningar úr mörgum litlum og meðalstórum félögum svo hægt sé að halda úti starfsfólk með sérþekkingu í samningagerð og réttindamálum.

Erlent samstarf

Á síðastliðnu sumri sótti undirrituð, sem fulltrúi MTÍ, Norðurlandaping meinatækna í Lundi í Svíþjóð og hittust norrænu formennirnir á fundi í tengslum við þingið og báru saman bækur sínar. Þar var fjallað um það sem er efst á baugi í málefnum meinatækna í hverju landi fyrir sig. Sagt var frá hvernig fyrsti alþjóðlegi meinatæknadagurinn hefði verið. Eitt af þeim málum sem reifuð voru var hversu fáir meinatækna utan Svíþjóðar sóttu þingið. Einn Finni kom og var um leið fulltrúi stjórnar finnska meinatæknaflágins. Þeir eiga í erfiðleikum með tungumál og almennt þótti dýrt að sækja þingið frá Finnlandi. Tíu Danir komu og voru fjórir frá stjórn danske meinatæknaflágins, fimm Íslendingar og fjórir Norðmenn, allir frá stjórn félagsins. Svíarnir höfðu lagt á sig mikla vinnu við undirbúning þingsins. Þetta mun verða rætt þegar formenn félaganna hittast næst. Það kemur í hlut Dana að halda næsta Norðurlandaping sem verður árið 2001 því Evrópuþing verður í Hollandi 1999.

Á haustmánuðum fór fulltrúi MTÍ á fund evrópusamtaka meinatækna. Það var sameiginlegur fundur meinatækna sem eru í evrópusambandinu SRC og þeirra sem eru í evrópusamtökum ECMLTA innan alþjóðasamtakanna IMLTA. Þar voru lífleg skoðanaskipti um hvernig rétt væri að haga samstarfi meinatækna í Evrópu almennt og kom fram mikill munur á Suður- og Norður-Evrópu. Svíar fara nú með forstu í Evrópusamvinnunni og er ætlunin að nálgast samvinnuvandamálið á öðrum fundi nú í maí í Stokkhólmi. MTÍ mælti með Mörthu Hjálmarsdóttur í embætti varافورсетا alþjóðasamtakanna (president elect) og verður hún ein í kjöri á næsta alþjóðaþingi meinatækna í Singapore. Eftir tvö ár „eigum“ við því forseta alþjóðasamtakanna.

Lokaorð

Þegar litið er yfir síðasta starfstímabil eins og við höfum gert núna sést í hnottskurn að mál



Með blómvendi frá stjórn félagsins fyrir vel unnin störf, frá v.: Sandra Magnúsdóttir, Anna Guðrún Viðarsdóttir og Halla Hauksdóttir.

málanна eru kjara- og réttindamál. Fagleg starfsemi byggist á virkni félagsmannanna sjálfra.

Stjórn hefur rætt hvort ekki sé ráð að stofna fagráð sem haldi fagpólitskum málum á lofti.

Það er alveg ljóst þó svo að viljinn sé fyrir hendi þá dugir tími formanns ekki til að standa í svona samningahrotu. Eitthvað víkur og er það því miður faglegi þáttur félagsins sem víkur. Hugmyndin er sú að stofna fagráð og í því séu formenn nefnda sem vinna í að fagmálum félagsins. Þar sé mótuð stefna eitt eða tvö ár fram í tímann og kraftar séu samstilltir í þessu átaki. Er þarna átt við auk formanns, ritstjóra blaðsins, formann endurmenntunarnefndar, formann fræðslunefndar, fulltrúa félagsins í námsbrautarnefnd. Þetta ráð myndi funda einu sinni á ári, mánuðinn

eftir aðalfund og setja kúrsinn. Stjórn mun áfram ræða þessa hugmynd.

Ásta Björg Björnsdóttir



Vinnu- og sjúkra-skór í úrvali



**Herra og dömu
sjúkrasokkar
í öllum litum**

REMEDIA
Borgartúni 20 • Sími 562 7511



Meinataknar B.Sc. útskrifaðir 4. október 1997.
Aftari röð fra v.: Halldóra Erlendsdóttir, Steinunn G. Ástráðsdóttir, Katrin Hlíf Guðjónsdóttir og Sonja Sigurðardóttir. Fremri röð fra v.: Steinunn Björg Þorhallsdóttir, Kristín Einarsdóttir og Svanhildur Skúladóttir.

Um smitgát við sýnatökur og meðferð sýna

Flestir vita að blóð frá alnæmissjúklingum er smitandi en oft vill gleymast að í sýnum frá öðrum sjúklingum geta líka verið hættulegir sýklar. Lifrabólguveirurnar, Hepatitis B og Hepatitis C, eru mun algengari en alnæmisveiran og meira smitandi. Önnur sýni en blóðsýni geta líka verið hættuleg, t.d. hrákasýni frá berklasjúklingum og saursýni frá sjúklingum með taugaveiki.

Sýni sem geta leitt til blóðsmits (t.d. með HIV og hepatitis veirum) eru: blóð, sæði, legganga-seyti, vefir, mænuvökvar, liðvökvar, brjóstholsvökvar, kviðarholsvökvar, gollurshúsvökvar og legvatn. Þar sem ekki er mögulegt að vita um alla sem eru smitaðir skal viðhafa alhliða blóð- og vessavarúð („universal precautions“) við sýnatöku og meðhöndlun allra slíksra sýna. Sum sýni eru ekki talin geta leitt til „blóðsmits“ nema í þeim sé sýnilegt blóð en þau eru: saur, nefslím, hráki, sviti, tár, þvag og æla. Eftirfarandi leiðbeiningar eru til að draga úr þeim hættum sem að stafað geta frá sýnum.

Sýnataka

Eingöngu þjálfað starfsfólk skal taka blóðsýni og skyld sýni og nota við það hanska þegar því verður við komið. Sérstakrar aðgæslu er þörf við að fjarlægja nálar og sprauta sýnum í sýnaflát. Öll sýni skulu sett í örugg flát (æskilegt að þau séu hluti af lokuðu kerfi). Mengist flát að utan er æskilegt að henda því með öðru sóttmenguðu en ef það er ekki haegt þarf að þvo þau vel að utan með spritti áður en skilið er við þau. Gangið þannig frá flátinu að útilokað sé að það leki í flutningi. Mengist beiðnaseðill skal skilyrðislaust henda honum og skrifa nýjan.

SÁ SEM TEKUR SÝNIÐ BER ÁBYRGÐ Á AÐ FRÁ PVÍ SÉ PANNIG GENGIÐ AÐ ÖÐRUM STAFI EKKI HÆTTA AF.

Sending sýna

Sýnin skal senda í tvöföldum plastpoka þar sem sýninu er komið fyrir í öðru hólfinu með lokið upp en beiðninni í hinu. Plastpokinn skal alltaf vera uppréttur í geymslu og flutningi. Þeir sem flytja sýnin þurfa að hafa fengið fræðslu um mögulega smithættu frá sýnum og hvað gera skuli ef flátið brotnar (eða úr því lekur) í flutningi. Ef sýnið er sent í pósti eða með einstaklingum sem hafa enga þekkingu um hættur frá sýnum skal sýnum pakkað þannig að ekki stafi hætta af, jafnvel þótt sýnið leki úr sýnaflátinu sjálfu. Hluti af ytri umbúðum þarf að vera úr óbrjóandi plasti eða málmi. Mikilvægt er að flaglært heilbrigðisstarfsfólk hafi þá ábyrgðartilfinningu að það gangi aldrei þannig frá sýnum að öðru starfsfólk (t.d. riturum, vaktmönnum og sendlum) stafi hætta af.

Áhættumerkingar

Um sýnin sem talin eru upp hér að ofan (m.t.t. blóðsmits) gilda alhliða blóð- og vessavarúðarreglur (universal precautions) og þarf ekki að merkja þau sýni sérstaklega. Nokkrir alvarlegir smitsjúkdómar geta borist með öðrum sýnum. Sé möguleiki á slískum sýkingum þarf að merkja viðkomandi sýni sem áhættusýni og hringja á rannsóknadeild til að láta vita að viðkomandi sýni sé væntanlegt. Eftirfarandi listi er yfir þessa smitsjúkdóma. Ekki eru öll sýni frá þessum sjúklingum hættuleg en tilgreint er hvaða sýni eru varhugaverð og beri að merkja sem áhættusýni.

| Sjúkdómur | Bakteríur | Áhættusýni ¹ |
|--------------------------------------|----------------------------|-------------------------|
| Berklar (tuberculosis) | Mycobacterium tuberculosis | L |
| Taugaveiki (typhoid fever) | Salmonella typhi | S, B |
| Taugaveikibróðir (paratyphoid fever) | Salmonella paratyphi A | S, B |
| Blóðkreppusótt (bacillary dysentery) | Shigella dysenteriae | S |
| Miltisbrandur (antrax) | Bacillus anthracis | B |
| Öldusótt (brucellosis) | Brucella spp. | B |
| Svarti dauði (plague) | Yersinia pestis | B, G |

Sveppir

Blastomyces dermatiditis, Coccid. immitis, Histoplasma spp. Paracocc. brasiliensis L, G

Veirur

Hundaæði, Lassa, Ebola, Marburg og „Yellow fever“ veirurnar. Öll sýni²

¹L=sýni frá neðri loftvegum, S=saurssýni, B=blóð eða aðrir líkamsvessar, G=gröftur

²Sé grunur um þessar sýkingar þarf skilyrðislaust að hafa samband við sýkla-/veirufræðing áður en sýni eru send.

Ekki eru allar alvarlegar sýkingar taldar upp hér. Sé grunur um sjaldgæfa alvarlega sýkingu er nauðsynlegt að hafa samband við sýklafræðing og/eða smitsjúkdómalækni til að fá ráðleggingar við greiningu og meðferð sýna.

Sýkingavarnanefnd Landspítalans, endurskoðað febrúar 1998



Mælitæki fyrir meinefnafraði

Bjóðum fjölbreytt úrval mælitækja fyrir sjúkrahús og heilsugæslustöðvar.

- Valið af „American Health Foundation“ sem bestu tæki fyrir kólestról skimanir.

- Notar aðeins 10 µl af sermi eða plasma/mælingu.
- Yfir 40 mælingar fáanlegar.
- Blóðfita og bilirubin trufla engar mælingar.
- Afköst frá 100 til 950 svör á klukkustund.

Johnson & Johnson Clinical Diagnostics



A KARLSSON HF
Brautarholti 28, Reykjavík
Sími 5 600 900



Gönguklúbbur meintækna á blóðrægi og meintefrafjöldum Landsþjóðuls, makar og börn þeirra, undir Elliða á Snæfellsnesi sl. haust.

STJÓRN OG NEFNDIR

apríl 1998 - apríl 1999

Stjórn

| | |
|--------------------------------------|----------|
| Ásta Björg Björnsdóttir formaður | |
| Pórunn Inga Runólfssdóttir gjaldkeri | |
| Hafðís Hafsteindóttir | 560-1811 |
| Guðrún Þróoddsdóttir | 525-1494 |
| Líney Símonardóttir | 560-1317 |
| * Helga Sördal | 567-4700 |
| * Soffia Björnsdóttir | 560-1947 |

Endurskoðendur

| | |
|--------------------------------|----------|
| Ingibjörg Halldórsdóttir | 525-1481 |
| Guðrún Pórunn Ingimundardóttir | 525-1484 |

Laganeftnd

| | |
|--------------------------------------|----------|
| Martha Ásdís Hjálmarsdóttir formaður | 560-1953 |
| Guðrún Þróoddsdóttir | 525-1494 |
| Ólöf Guðmundsdóttir | 560-1963 |
| Guðrún Pórunn Ingimundardóttir | 525-1484 |

Kjörstjórn

| | |
|------------------------------|----------|
| Eygló Bjarnardóttir formaður | 560-1815 |
| Ella Þórhallsdóttir | 525-1484 |
| Árný Skúladóttir | 525-1484 |
| Elin Guðmundsd. | 560-1935 |

Öryggismálanefnd

| | |
|-------------------------|----------|
| Hlin Adalsteinsdóttir | 525-1484 |
| * Anna L Tryggvadóttir | 560-1811 |
| Laufey Gunnarsdóttir | 560-1923 |
| Guðrún Stefánsdóttir | 525-1484 |
| * Torfhildur Jónsdóttir | 560-1947 |

Endurmenntunarnefnd

| | |
|--------------------------------|----------|
| Brynja Guðmundsdóttir formaður | 577-1400 |
| Pórunn Inga Runólfssdóttir | 560-1811 |
| Erla Sveinbjörnsdóttir | 560-1935 |
| Kristín Ása Einarsdóttir | 560-1813 |
| Olga Péturnsdóttir | 560-1947 |
| Margrét Ágústsdóttir | 560-1833 |
| Pórunn Guðmundsd. | 525-1484 |
| Sigríður Jónsdóttir | 525-1872 |

Fraðslunefnd

| | |
|-----------------------------|----------|
| Kristín Jónsdóttir formaður | 560-1947 |
| Steinunn Sveinsdóttir | 562-1414 |
| Gunnhildur Ingólfssdóttir | 560-1966 |
| Elísabet Kristbergssdóttir | 560-1800 |
| Sigrún Bragadóttir | Delta |

Ætis og góðgætisnefnd

* Meinatæknar SR Fossvogi

Vinnusími

| |
|----------|
| 588-9770 |
| 560-1811 |
| 560-1811 |
| 525-1494 |
| 560-1317 |
| 567-4700 |
| 560-1947 |

Ritnefnd

| | |
|-------------------------------|----------|
| Steinunn Oddsdóttir ritstjóri | 560-1811 |
| Emilía G. Söebech | 525-1484 |
| Hulda Snorradóttir | 560-1809 |
| Kristín Guðmundsdóttir | 560-1811 |
| Gunnlaug Hjaltadóttir | 525-1484 |

Samtök heilbrigðistéttá

| | |
|--------------------------------------|----------|
| Hlin Adalsteinsdóttir (í stjórn SHS) | 525-1484 |
| Eygló Bjarnardóttir | 560-1815 |
| Guðrún Þróoddsdóttir | 525-1494 |
| Sandra Magnúsdóttir | 525-1872 |

Siðanefnd

| | |
|-------------------------------|----------|
| Sigurrós Jónasdóttir formaður | 560-1938 |
| Guðrún Dóra Erlendsdóttir | 525-1484 |
| Elin Þórdís Björnsdóttir | 560-1818 |

Stjórn Kjaradeilusjóðs

| | |
|--------------------------------------|----------|
| Pórunn Inga Runólfssd. gjaldkeri MTÍ | 560-1811 |
| Ásta Björg Björnsdóttir | 588-9770 |
| Margrét Andrésdóttir | 525-1481 |
| Ólöf Guðmundsdóttir | 560-1963 |
| Ingibjörg Halldórsdóttir | 525-1481 |

Stjórn vísindasjóðs

| | |
|----------------------------|----------|
| Una Guðnadóttir formaður | 525-1484 |
| Ingibjörg Halldórsdóttir | 525-1481 |
| Sigríður Claessen | 560-1847 |
| Kristín Jónasdóttir | 560-1947 |
| Ágústa Þorsteinsdóttir | 431-2311 |
| Pórunn Inga Runólfssdóttir | 560-1811 |
| * nýir nefndarmenn | |

Samninganefnd MTÍ kosin á haustfundi 1997

| | |
|--------------------------------|----------|
| Ásta Björg Björnsd formaður | 588-9770 |
| Anna Guðrún Viðarsdóttir | 560-1963 |
| Anna Svanhildur Sigurðardóttir | 560-1818 |
| Auður Eiríksdóttir | 562-1414 |
| Emilía G. Söebech | 525-1484 |
| Martha Á Hjálmarsdóttir | 560-1953 |
| Olga B. Pétursdóttir | 560-1947 |
| til vara: | |
| Arna Auður Antonssdóttir | 560-1833 |
| Björg Brynjólfssdóttir | 463-0100 |
| Guðrún Þróoddsdóttir | 525-1484 |
| Lovísa Erlendsdóttir | 463-0100 |
| Sigurborg Billich | 560-1935 |
| Solveig Axelsdóttir | 431-2311 |




**Meinataeknir óskast
til starfa á
frumurannsóknastofu
Krabbameinsfélagsins.**

**Nánari upplýsingar veita deildarstjóri
og yfirlæknir í síma: 562 1414**

Krabbameinsfélagið

URICULT®

-fljótvirka þvagfærasykingarprófið



EINFAÐIN

Gunnar Kvaran ehf.
Vatnagörðum 22
Sími 588 3700



Meinatæknar útskrifaðir frá T.I. (í Skipholti) haustið 1970.

Aftari röð frá v.: Guðrún Bjarnadóttir, Elín Bergljót Björgvinsdóttir, Helga Kemp, Guðrún Yngvadóttir, Pórdís Þormóðsdóttir, Elena Touvina Bergmann, Lilja Eiríksdóttir, Torfhildur Samúelsdóttir, Björg Atlsdóttir. Fremri röð frá v.: Steinunn J. Sveinsdóttir, Guðriður Steinunn Oddsdóttir, Ásdís H. Magnúsdóttir, Ásbjörg Poulsen, Steinunn Einarsdóttir, Edda Benediktsdóttir og Pórdís Kolbeinsdóttir. Á myndina vantar Helgu Einarsdóttur.



Meinatæknar útskrifaðir frá T.I. 5. október 1991.

Frá v.: Rósá Björk Jónsdóttir, Johanna Gunnlaugsdóttir, Halldóra Kristinsdóttir og Hildur Júlíusdóttir.

PHARMACO HF

BÝÐUR TÆKI & REKSTRARVÖRUR FRÁ EFTIRTÖLDUM FRAMLEIÐENDUM:

- **ABBOTT**
- **BAYER**
- **CHROMOGENIX**
- **EPPENDORF**
- **GREINER**
- **HEWLETT PACKARD**
- **JULABO**
- **KONE**
- **NYCOMED**
- **OXOID**
- **RADIOMETER**
- **WALLAC**

Pharmaco hf. er ISO 9002 vottað fyrirtæki



Pharmaco

Hörgatúni 2, 210 Garðabær
Sími 565 8111

mannheim

boehringer

LYRA SF

BORGARTÚNI 23 • 105 REYKJAVÍK

